




ÁRSSKÝRSLA  
FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS  
**2015**





## Ársskýrsla Fjármálaeftirlitsins 2015

### Útgefandi:

Fjármálaeftirlitið  
Katrínartúni 2  
105 Reykjavík  
Sími: 520 3700/ Símbref: 520 3727  
Tölvupóstur: fme@fme.is

### Ritstjórn:

Jón Þór Sturluson  
Ragnar Hafliðason  
Sigurður G. Valgeirsson

### Hönnun & umbrot:

ENNEMM

### Ljósmyndir:

Birgír Ísleifur Gunnarsson

## Efnisyfirlit

Ávarp forstjóra	7
<b>1 Verkefni Fjármálaeftirlitsins</b>	<b>13</b>
1.1 Eftirlitssvið	14
1.2 Vettvangs- og verðbréfamarkaðseftirlit	16
1.3 Greiningasvið	18
1.4 Svið yfirlögfræðings	20
1.5 Mannauðsmál	20
1.6 Rekstur og fjármál	21
<b>2 Heilbrigði fjármálamarkaðarins</b>	<b>25</b>
2.1 Lánamarkaður	26
2.2 Verðbréfamarkaður	30
2.3 Lífeyrissjóðir	33
2.4 Verðbréfasjóðir	35
2.5 Vátryggingamarkaður	37
<b>3 Annáll ársins</b>	<b>43</b>
3.1 Helstu atburðir frá maí 2014 til aprílloka 2015	44
3.2 Yfirlit yfir ákvarðanir og gagnsæistilkynningar frá 1. maí 2014 til aprílloka 2015	55
3.3 Yfirlit yfir tölublöð Fjármála og greinar frá 1. maí 2014 til aprílloka 2015	56
<b>4 Aðilar undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins</b>	<b>59</b>
4.1 Fjöldi aðila undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins	60
4.2 Starfsemi erlendra aðila á Íslandi	61



## Efni ársskýrslunnar

Efnisumfjöllun ársskýrslu Fjármálaeftirlitsins 2015 tekur í meginatriðum til tímabilsins frá 1. maí 2014 til 30. apríl 2015. Í skýrslunni er sagt frá helstu verkefnum Fjármálaeftirlitsins og ekki síst verkefnum svonefndra eftirlitssviða: vettvangs- og verðbréfaeftirlits, eftirlits og greininga. Fjallað er einnig um stöðu og þróun á lánamarkaði, verðbréfamarkaði, lífeyris-, og verðbréfasjóðamarkaði og váttryggingamarkaði árið 2014. Skýrslan verður birt á íslensku og ensku á vef Fjármálaeftirlitsins. Þar er einnig að finna margvíslegar upplýsingar er varða fjármálamarkaðinn og fyrirkomulag opinbers eftirlits með fjármálastarfsemi.

## Stjórn og stjórnendur Fjármálaeftirlitsins

Yfirstjórn Fjármálaeftirlitsins er í höndum þriggja manna stjórnar. Hlutverk hennar er að móta áherslur í starfi og fylgjast með starfsemi og rekstri Fjármálaeftirlitsins. Meiriháttar ákvarðanir skal bera undir stjórnina til samþykktar eða synjunar. Stjórnin ræður forstjóra sem fer með daglega stjórnun eftirlitsins. Í stjórn sitja eftirfarandi í maí 2015: Ásta Þórarinsdóttir, hagfræðingur, formaður, Tómas Brynjólfsson, skrifstofustjóri, varaformaður og Arnór Sighvatsson, aðstoðarseðlabankastjóri, tilnefndur af Seðlabanka Íslands. Varamenn eru: Friðrik Ársælsson, héraðsdómslögmaður, Ástríður Jóhannesdóttir, deildarstjóri og Harpa Jónsdóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri í Seðlabanka Íslands. Á tímabilinu frá 1. maí 2014 til 30. apríl 2015 hafa auk framangreindra setið í stjórn og varastjórn Fjármálaeftirlitsins: Halla Sigrún Hjartardóttir, formaður, Margrét Einarsdóttir, lektor, varaformaður, og varamaðurinn Halldór S. Magnússon, fyrrverandi framkvæmdastjóri, en þau létu öll af störfum í lok árs 2014.

## Stjórnendur Fjármálaeftirlitsins

Unnur Gunnarsdóttir, forstjóri  
Jón Þór Sturluson, aðstoðarforstjóri  
Anna Mjöll Karlsdóttir, yfirlögfræðingur

Halldóra Elín Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri eftirlits  
Rúnar Guðmundsson, aðstoðarframkvæmdastjóri eftirlits  
Lilja Rut Kristófersdóttir, framkvæmdastjóri greininga  
Sigurveig Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri, vettvangs- og verðbréfaeftirlits  
Ingibjörg Sigrún Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri rekstrar- og þjónustu  
Árni Ragnar Stefánsson, mannauðsstjóri





## Ávarp forstjóra

Um þessar mundir eru liðlega 16 ár frá stofnun Fjármálaeftirlitsins sem sjálfstæðrar eftirlitsstofnunar með öllum fjármálamarkaðnum á Íslandi. Fjármálaeftirlitið var stofnað með lögum nr. 87/1998 sem enn eru gildandi rammalög um starfsemi þess. Í lögnum er Fjármálaeftirlitinu gert að fylgjast með því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur eða samþykktir sem um starfsemina gilda og að starfsemin sé að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti.

Á þessum 16 árum hafa almenn viðhorf um markmið og tilgang fjármálaeftirlits breyst verulega og hafa stofnuninni jafnframt verið falin margvísleg ný verkefni með lögum. Viðhorf hafa breyst annars vegar með áherslu á að eftirlitsaðili greini og meti mismunandi áhættur sem felast í starfsemi fyrirtækja á fjármálamarkaði og grípi skjótt til mildunaraðgerða til að minnka hættuna á að áhættur raungerist eða valdi tjóni á fjármálamarkaðnum. Þetta er kjarninn í áhættumiðuðu eftirliti. Hins vegar er nú lögð mikil áhersla á að eftirlitsaðilar vinni markvisst að því að greina og meta hvaða áhrif rekstur og afkoma einstakra eftirlitsskyldra aðila geti haft á stöðugleika fjármálamarkaðarins í heild og einnig hvaða áhrif kerfislæg áhætta getur haft á rekstur einstakra fyrirtækja. Fjármálaeftirlitið hefur brugðist við fyrri þættinum með fjölþættri umbótaáætlun. Fyrirhugað er að markmiði um að ljúka innleiðingu á áhættumiðuðu eftirliti verði náð á næsta ári. Síðari þættinum hefur verið mætt með auknu og skilvirkara samstarfi Fjármálaeftirlits og Seðlabanka Íslands á síðari árum.

Þegar ársskýrsla þessi lítur dagsins ljós er rétt ár síðan kerfisáhættunefnd og fjármálastöðugleikaráð, undir formennsku fjármálaráðherra, voru stofnuð með lögum nr. 66/2014. Fjármálastöðugleiki er talinn ríkja þegar ekki er rof eða veruleg truflun á starfsemi fjármálakerfisins og það býr yfir nægilegum viðnámsþrótti til að þola áföll og ójafnvægi án þess að veruleg neikvæð áhrif verði í miðlun fjármagns, miðlun greiðslna og dreifingu áhættu. Með fjármálastöðugleikaráði var ekki stofnað nýtt stjórnvald. Þess í stað halda aðildarstofnanir ráðsins sjálfstæði sínu og valdheimildum. Ráðið beinir tilmælum til aðildarstofnana um viðeigandi aðgerðir í þágu stöðugleika og skulu stofnanirnar fara að tilmælunum en rökstyðja ella opinberlega hvers vegna ekki var farið að þeim. Á fundi sínum í aprílmánuði síðastliðnum samþykkti fjármálastöðugleikaráð einróma að eftirtalin fyrirtæki séu kerfislega mikilvæg: Landsbankinn hf., Arion banki hf., Íslandsbanki hf. og Íbúðalánasjóður. Fjármálaeftirlitinu var falið að haga eftirlitsstarfsemi sinni í samræmi við það. Eins og eftirlitsskyldum aðilum er kunnugt er ofangreint í fullu samræmi við vinnu Fjármálaeftirlitsins við þróun áhættumiðaðs eftirlits.

Samkvæmt áhættumiðaðri aðferðarfræði Fjármálaeftirlitsins eru skilgreindir fjórir áhrifavægisflokkar. Eftirlit með viðkomandi aðila ræðst af áhrifavægisflokkun og endurspeglast í grunneftirlitslíkani, þar sem lágmarkseftirlitsverkefni eru skilgreind og tíðni þeirra ákvörðuð. Umfang og tíðni verkefna eykst eftir því sem áhrifavægið er meira. Viðbótareftirlitsverkefni eru jafnframt framkvæmd í samræmi við áhættustig hvers aðila eða markaðar. Þetta var sérstaklega gert að umtalsefni í ársskýrslu eftirlitsins 2014. Þar kemur einnig fram að frumkvæðiseftirlit beinist fyrst og fremst að tveimur hærri áhrifavægisflokkunum. Eftirlit með öðrum fyrirtækjum, sem talin eru hafa minni áhrif á markaðinn ef þau lenda í vandræðum í rekstri sínum, er fyrst og fremst viðbragðseftirlit, nema sértakar hættur stæðji að rekstri þeirra.

Þessi nálgun helst í hendur við ákvæði í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki sem nú er til meðferðar á Alþingi. Í frumvarpinu eru gerðar tillögur um viðamiklar breytingar á áhættustýringu, aukningu eigin fjár og styrkingu gæða þess, þar á meðal með innleiðingu eiginfjárauka (e. capital buffers) sem ganga má á áður en eftirlitsaðili hefur aðgerðir vegna ófullnægjandi eiginfjárstöðu. Þá eru í frumvarpinu ítarleg ákvæði um stjórnarhætti í fjármálafyrirtækjum og um ábyrgð og samsetningu stjórnar og æðstu stjórnenda. Gerð er tillaga um að fela Fjármálaeftirlitinu að setja reglur um takmarkanir á útgreiðslum fjármálafyrirtækja á arði

til hluthafa, breytilegum starfskjörum til starfsmanna og öðrum greiðslum þegar fyrirtæki uppfyllir ekki að fullu kröfu til þess að viðhalda eiginfjárukum. Allar miða þessar reglur að því að efla viðnámsþrótt einstakra fjármálafyrirtækja á markaði þannig að þau séu í stakk búin til að taka sjálf á hugsanlegum vanda.

Þær breytingar sem ég hef tæpt á hér að framan eiga allar rætur að rekja til umfangsmikillar úrbótavinnu sem alþjóðasamfélag stefnumótandi aðila í fjármálaþjónustu tókst á hendur í kjölfar þeirra miklu fjármálaáfalla sem riðu yfir á haustmánuðum 2008 og næstu misseri á eftir. Fjármálaþjónusta er nauðsynleg en nokkur áhættutaka er samofin henni sem skapar hættu út fyrir fyrirtækið sjálft. Óhjákvæmilegt er að gera ráð fyrir að bankar geti fallið og jafnvel að annað kerfisáfall geti riðið yfir. Því eru menn í óða önn að smíða nýjar reglur á fjármálamarkaði sem miða að því að þótt bankar eða önnur fyrirtæki á fjármálamarkaði falli verði tjóninu af því aldrei aftur velt á skattborgara og að hagsmunir innstæðueigenda verði verndaðir betur en áður. Hver á þá að bera tjónið? Svarið við því er; kröfuhafar og hluthafar sem njóta ágóðans á meðan vel gengur. Gert er ráð fyrir að þar til bærum stjórnvöldum verði falið vald til að skerða rétt þeirra með einhliða ákvörðun, t.d. með því að breyta kröfum í almennt hlutfé, í samræmi við endurreisnar- eða skilaáætlun. Seðlabankar verða áfram lánveitendur til þrautavara en þeir skulu ekki lána til fyrirtækis með ófullnægjandi eiginfjárstöðu. Fyrir verði það sett í slitameðferð.

Í upphafi ávarpsins gerði ég lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi að umtalsefni og stöðu þeirra nú 16 árum eftir stofnun Fjármálaeftirlitsins. Ég tel afar brýnt að ráðast í heildarendurskoðun á lögnum með því markmiði að þau endurspegli hlutverk fjármálaeftirlits í nútíma samfélagi og að þau slái skjaldborg utan um sjálfstæði stofnunarinnar og nauðsynlega fagmennsku til að hún geti rækt vald sitt og ábyrgð. Nú þegar hefur Fjármálaeftirlitinu með lögum verið falið vald til inngripa í rekstur eftirlitsskyldra aðila, beitingu viðurlaga og jafnvel íhlutun í stjórnarskrárvorinn rétt manna til atvinnufrelsis. Aðilar sem slíkar ákvarðanir beinast gegn eiga rétt á að skjóta ákvörðun til dómstóla eða eftir atvikum til annarra stjórnvalda til endurskoðunar. Í skýrslunni er birt samantekt á fjölda mála og niðurstöðum sem hafa ratað til dómstóla og umboðsmanns Alþingis undanfarin ár. Athygli vekur að á því tímabili sem skoðað var hefur ágreiningsmálum fækkað jafnt og þétt og jafnframt að þeim málum fer fækkandi sem hljóta neikvæða niðurstöðu fyrir Fjármálaeftirlitið hjá málskotsaðilum.

Við hjá Fjármálaeftirlitinu erum stödd á næðingssömum stað, hvar vindar blása úr öllum áttum. Ekki dugar að láta hrekjast undan vindinum þaðan sem hann blæs sterkast. Til að brjótast áfram rétta leið þarf kompás og að þjálfar sig í að rata eftir honum. Í okkar tilviki er sá kompás annars vegar alþjóðlegir staðlar um bestu framkvæmd eftirlits og hins vegar íslensk löggjöf sem enn vantar nokkuð upp á að svari kalli tímans.







## Stjórn fjármálaeftirlitsins

Ný stjórn var skipuð í upphafi ársins 2015. Á myndinni má sjá í neðri röð frá vinstri: Tómas Brynjólfsson, varaformann, Ástu Þórarinsdóttur, formann stjórnar og Arnór Sighvatsson stjórnarmann. Í efri röð eru frá vinstri: Friðrik Ársælsson, varamaður, Unnur Gunnarsdóttir forstjóri Fjármálaeftirlitsins, Jón Þór Sturluson, aðstoðarforstjóri og Harpa Jónsdóttur, varamaður í stjórn.

Hlutverki stjórnar Fjármálaeftirlitsins er lýst í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi en þar segir: „Með yfirstjórn Fjármálaeftirlitsins fer þriggja manna stjórn sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Einn stjórnarmaður skal skipaður eftir tilnefningu frá Seðlabanka Íslands. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ráðherra skipar formann stjórnar og ákveður þóknun stjórnarmanna.“

Hlutverk stjórnar er að móta áherslur í starfi og fylgjast með starfsemi og rekstri Fjármálaeftirlitsins. Meiri háttar ákvarðanir skal bera undir stjórnina til samþykktar eða synjunar.“

Í reglum um störf stjórnar Fjármálaeftirlitsins frá 2012 er fjallað nánar um hlutverk stjórnarinnar. Þar er meðal annars farið yfir verkaskiptingu stjórnar og forstjóra, hlutverk stjórnar, ákvarðanir stjórnar í meiri háttar málum, hæfi stjórnarmanns og þagnarskyldu. Enn fremur er þar fjallað um stjórnarfundum, hversu oft þeir eru haldnir og skipulag þeirra. Stjórnin hélt tólf fundum árið 2014. Sem dæmi um verkefni stjórnar á árinu má nefna að teknar voru fjórtán íþyngjandi ákvarðanir sem lutu að hæfi, veitingu stjórnvaldssekta, afturköllun starfsleyfis og álagningu eftirlitsgjalds. Þá samþykkti stjórnin á árinu sjö leiðbeinandi tilmæli, fimm reglur og veitti tvö starfsleyfi.





## 1. Verkefni fjármálaeftirlitsins



## 1. Verkefni Fjármálaeftirlitsins

### 1.1 Eftirlitssvið

Eftirlitssvið er stærsta svið Fjármálaeftirlitsins en starfsemi sviðsins lýtur að reglubundnu eftirliti með eftirlitsskyldum aðilum. Í því felst m.a. mat á hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra, yfirferð á gögnum varðandi fjárhagsstöðu einstakra eftirlitsskyldra aðila, afgreiðsla starfsleyfa og tilkynninga um virka eignarhluti og eftirlit með að eftirlitsskyldir aðilar starfi í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti. Sviðið skiptist í fjárhagslegt eftirlit, lagalegt eftirlit og sértæk lagaleg málefni.

#### Reglubundið eftirlit

Meðal verkefna á sviði lífeyrissjóða voru útlánaathuganir, fjárfestingarathuganir og athuganir á verkferlum. Þá var kannað hvort og þá hvernig lífeyrissjóðir innleiddu ný lög um neytendalán í útlánareglur sínar ásamt því að athugun var gerð á því hvort starfsmenn í eignastýringu lífeyrissjóðanna væru með próf í verðbréfamiðlun. Stjórnarhættir voru kannaðir ásamt því að fundað var með innri endurskoðendum og framkvæmdastjórum stærstu lífeyrissjóðanna. Að auki fór Fjármálaeftirlitið í gegnum sjálfsmat OECD sem snýr að lagaumhverfi og eftirliti með lífeyrissjóðum en verkefninu lauk með ráðstefnu á vegum Fjármálaeftirlitsins og OECD um lífeyrissjóði og lífeyrismarkaðinn.

Meðal verkefna á sviði váttryggingafélaga voru athugun á þróun eigna til jöfnunar váttryggingaskuldar, svokallaðra bótasjóða, þá voru stjórnarhættir kannaðir. Fjármálaeftirlitið ásamt íslensku váttryggingafélagunum tók þátt í álagsprófi EIOPA, Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsins. Jafnframt var fundað með innri endurskoðendum og forstjórum stærstu váttryggingafélaganna.

Meðal verkefna á sviði eftirlits með fjármálafyrirtækjum voru sértækar athuganir sem beindust að útlánum til kaupa á hlutabréfum hjá viðskiptabönkunum, starfsheimildum rekstrarfélaga og framsetningu fjárhagslegra upplýsinga í markaðsefni rekstrarfélaga. Í SREP ferlinu leggur FME meðal annars mat á eiginfjárbörf fjármálafyrirtækja með hliðsjón af áhættusamsetningu viðkomandi fjármálafyrirtækja. Á árinu var framkvæmt SREP fyrir viðskiptabankana, tvo sparissjóði og tvo lánasjóði. Eftirlitssviðið ber ábyrgð á SREP ferlinu og á samvinnu við greiningarsvið um framkvæmdina. Unnið hefur verið að innleiðingu áhættumiðaðs eftirlits á árinu. Starfsmenn eftirlitssviðs hafa aðkomu að vettvangsathugunum hjá viðskiptabönkunum. Einnig annast þeir úrvinnslu tengda tímabundinni starfsemi hjá fjármálafyrirtækjum og verkefni tengd útgáfu sértryggðra skuldabréfa.

#### Starfsleyfismál og framfylgni reglna

Meðal verkefna var veiting starfsleyfis til Straumssjóða hf. sem rekstrarfélag verðbréfasjóða og veiting innheimtuleyfis til Orkuveitu Reykjavíkur. Þá veitti Fjármálaeftirlitið samþykki sitt fyrir samruna Sparissjóðs Bolungarvíkur ses. við Sparissjóð Norðurlands ses., samþykki fyrir yfirfærslu tiltekins rekstrarhluta frá MP banka hf. til Lýsingar hf. og breytingu á félagiformi Sparissjóðs Norðfjarðar ses. (nú Sparissjóði Austurlands hf.) í hlutafélag. Mikið var um tilkynningar um nýja virka eigendur í eftirlitsskyldum aðilum eins og í MP banka hf., Straumi fjárfestingarbanka hf., Borgun hf., Jökulum verðbréfum hf., Sjóvá Almennum tryggingum hf., Íslenskum verðbréfum hf. og Fossum mörkuðum hf. Starfsleyfi LBI hf. var afturkallað að fullu á árinu og váttryggingamiðlunin Allra ráðgjöf hf. skilaði inn starfsleyfi sínu. Á árinu voru jafnframt gerðar sértækar athuganir á aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka hjá þremur viðskiptabönkum. Loks var gert samkomulag um sátt við Sænes ehf. fyrir að hafa brotið gegn 40. gr. laga um fjármálafyrirtæki með því að hafa ekki tilkynnt um virkan eignarhlut félagsins í Sparissjóði Höfðhverfinga ses. Málefni

Sparissjóðs Vestmannaeyja ses. voru ofalega á baugi og urðu lyktir þær að tekin var ákvörðun þann 29. mars síðastliðinn af stjórn Fjármálaeftirlitsins á grundvelli VI. ákvæðis til bráðabirgða laga nr. 161/2002 og sjóðurinn sameinaður Landsbankanum.

#### Reglusetning og innleiðingarmál

Meðal verkefna eftirlitssviðs er að hafa heildaryfirsýn yfir verkefni, sem tengjast setningu reglna og útgáfu leiðbeinandi tilmæla og halda yfirlit yfir allar tilskipanir og reglugerðir, þ.m.t. tæknistaðla, sem eru í gildi og í vinnslu á fjármálamarkaði Evrópska efnahagssvæðisins (EES). Þá eru viðmiðunarreglur og tilmæli evrópsku eftirlitsstofnananna á fjármálamarkaði (EBA, EIOPA og ESMA) einnig kortlögð.

Fjármálaeftirlitið tekur þátt í innleiðingu EES-gerða í íslensk lög og á fulltrúa í nefndum á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins sem vinnur að innleiðingu þeirra auk þess sem gert er ráð fyrir að stofnunin setji fjölda reglna á grundvelli þeirra laga. Þá er stefnt að því að innleiða tæknistaðla með setningu reglna Fjármálaeftirlitsins og viðmiðunarreglum og tilmælum evrópsku eftirlitsstofnananna (EBA, EIOPA og ESMA) verður komið á framfæri við eftirlitsskylda aðila með leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins, ásamt dreifibréfi og tilkynningu á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins. Jafnframt tekur Fjármálaeftirlitið þátt í undirbúningi lagafrumvarpa og reglugerða sem varða fjármálamarkaðinn og veitir ráðuneyti og Alþingi umsagnir um þau. Einnig leggur Fjármálaeftirlitið mat á hvort þróun í fjármálastarfsemi kalli á breytingar í lagaumhverfi eða aðferðum við eftirlit og beitir sér fyrir umbótum.

Meðal verkefna var breyting á reglum um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt. Einnig var unnið að setningu reglna um yfirfærða útlánaáhættu vegna verðbréfunar og reglna um breytingu á reglum nr. 215/2007, um eiginfjákröfur og áhættugrunn fjármálafyrirtækja, með síðari breytingum. Þá var unnið að setningu reglna um ársreikninga lífeyrissjóða. Unnið var að leiðbeinandi tilmælum um aðskilnað starfssviða fjármálafyrirtækja, uppfærslu á leiðbeinandi tilmælum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, leiðbeinandi tilmælum um áhættustýringu og starfssvið tryggingastærðfræðings hjá váttryggingafélagum, leiðbeinandi tilmælum um útivistun hjá eftirlitsskyldum aðilum, leiðbeinandi tilmælum um starfsemi vísitölusjóða og kauphallarsjóða (UCITS ETF) og leiðbeinandi tilmælum um lykluupplýsingar. Jafnframt var unnið að 12 umræðuskjölum sem varða reglur og leiðbeinandi tilmæli sem gefin eru út af Fjármálaeftirlitinu. Reglur, leiðbeinandi tilmæli, tülkanir og umræðuskjöl eru birt á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins.

Þá fellur eftirlit með viðskiptaháttum eftirlitsskyldra aðila undir sviðið en ákvæði þar að lútandi má finna í öllum sérlögum á fjármálamarkaði, sem og lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Áhersla í því eftirliti hefur verið á viðskiptahætti í ytri starfsemi eftirlitsskyldra aðila, þ.e. þann þátt sem snýr að samskiptum við viðskiptavinum, einkum neytendum fjármálaþjónustu.

Verkefni tengd eftirliti með heilbrigðum og eðlilegum viðskiptaháttum voru venju samkvæmt fjölbreytileg. Nefna má að niðurstaða náðist í kröfu Fjármálaeftirlitsins um upplýsingagjöf Lýsingar hf. til viðskiptavina sinna þegar Hæstiréttur staðfesti í september 2014 frávísun á ógildingarkröfu félagsins. Málefni upplýsingagjafar til neytenda eru og hafa verið í brennidepli. Í því sambandi má nefna athugun eftirlitsins á upplýsingagjöf váttryggingamiðlara til neytenda og úrbótakröfu á hendur Verði tryggingum hf. vegna breytinga á lögbundinni váttryggingu án fyrirfram samráðs við váttryggingartaka. Þá má nefna að í kjölfar ábendinga um aukna hreyfingu neytenda milli líftryggingafélaga gaf Fjármálaeftirlitið út áréttingu á heimasíðu sinni um mikilvægi upplýstrar ákvörðunar í þeim efnunum. Framhald verður á áherslunni á upplýsingagjöf eftirlitsskyldra aðila til neytenda.



## 1.2 Vettvangs- og verðbréfamarkaðseftirlit

### Vettvangseftirlit

Verkefni vettvangseftirlits er að gera sjálfstæðar athuganir á starfsemi eftirlitsskyldra aðila. Athuganirnar geta beinst að hvaða þætti í starfsemi eftirlitsskylds aðila sem er. Í vettvangsathugunum er leitast við að staðfesta að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög, reglugerðir og reglur sem gilda um starfsemi þeirra. Jafnframt því er kannað hvort starfsemin sé að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Slíkar athuganir geta einnig staðreynt réttmæti upplýsinga í skýrsluskilum eftirlitsskyldra aðila og tilhlýðileika eftirlitsskyldra aðila við eigin verkferla og reglur. Vettvangsathugunum Fjármálaeftirlitsins má skipta í þrennt: sértækar athuganir þar sem athugun beinist að ákveðnum þáttum í starfsemi eftirlitsskylds aðila, heildarathugun þar sem athugun beinist að heildarstarfsemi eftirlitsskylds aðila og þemaathuganir þar sem athugunin beinist að ákveðnum þáttum í starfsemi nokkurra eftirlitsskyldra aðila. Dæmi um athuganir á síðasta ári eru virðismatsúttekt á lánasafni Íbúðalánasjóðs þar sem könnuð voru gæði lánasafnsskýrslu sjóðsins og framkvæmt virðismat á lánum til einstaklinga og fyrirtækja. Þá var þemaathugun framkvæmd hjá váttryggingafélögum en hún beindist að innri verkferlum, reglum og framkvæmd félaganna vegna tjóna ökutækja. Önnur þemaathugun Fjármálaeftirlitsins sneri að nýjum lánveitingum til lögaðila hjá viðskiptabönkunum. Markmið þeirrar athugunar var að kanna útlánaferli viðskiptabankanna með tilliti til fylgni við útlánareglur. Á síðastliðnu ári framkvæmdi Fjármálaeftirlitið vettvangsathugun hjá fimm lífeyrissjóðum til að kanna hvort framkvæmd áhættustýringar hjá sjóðunum væri með fullnægjandi hætti með tilliti til leiðbeinandi tilmæla nr. 1/2013 um áhættustýringu samtryggingadeilda lífeyrissjóða. Niðurstöður vettvangsathugana eru jafnan birtar á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins í formi gagnsæistilkynninga, sbr. gagnsæisstefnu Fjármálaeftirlitsins.

### Verðbréfamarkaðseftirlit

Hlutverk verðbréfamarkaðseftirlits er að hafa eftirlit með viðskiptum og starfsemi á verðbréfamarkaði. Verkefni verðbréfamarkaðseftirlits felast meðal annars í að fylgjast með fjárfestavernd, yfirtökuskyldu, markaðsmisnotkun, innherjasvikum, meðferð innherjaupplýsinga og að útgefendur fullnægi upplýsingaskyldu sinni. Verðbréfamarkaðseftirlitið hefur einnig eftirlit með Nasdaq Iceland (Kauphöllin) og Verðbréfaskráningu Íslands hf. Fjármálaeftirlitið hefur undanfarið ár beitt stjórnvaldssektum og gert sáttir við aðila vegna lögbrota á verðbréfamarkaði. Brotin varða m.a. flöggunarskyldu og birtingu innherjaupplýsinga. Verðbréfamarkaðseftirlitið gerir einnig reglulega athuganir á tilteknum þáttum verðbréfamarkaðar. Sem dæmi stendur nú yfir lokavinna vegna athugunar á bestu framkvæmd verðbréfavíðskipta. Athugunin varðar tiltekin fjármálafyrirtæki en samkvæmt 18. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 skulu fjármálafyrirtæki leita allra leiða til að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavinum sína með tilliti til verðs, kostnaðar, hraða og fleiri þátta.

Mikil undirbúningsvinna fer nú fram hjá verðbréfamarkaðseftirlitinu vegna innleiðingar-reglugerða og tilskipana frá Evrópusambandinu í íslensk lög og reglur. Gera má ráð fyrir töluverðum breytingum á lagaumhverfi verðbréfamarkaðar næstu tvö árin. Meðal þeirra gerða sem verða innleiddar í íslensk lög er reglugerð um skortsölu (nr. 236/2012), reglugerð um afleiðuviðskipti (EMIR – nr. 648/2012), reglugerð um markaðssvik (MAR – nr. 596/2014), tilskipun og reglugerð um fjárfestavernd og skipulag markaða (MiFID2/MiFIR – nr. 65/2014 og nr. 600/2014) og reglugerð um verðbréfamíðstöðvar (CSDR – nr. 909/2014). Verkefni verðbréfamarkaðseftirlits munu aukast verulega eftir að fyrrgreindar gerðir hafa verið innleiddar í íslensk lög. Sem dæmi verður með innleiðingu skortsölureglugerðarinnar í fyrsta sinn á Íslandi reglubundið eftirlit með skortsölu fjármálagerninga. Þá mun eftirlitsverkefnum vegna afleiðuviðskipta fjölga mikið. Með

EMIR reglugerðinni verður til dæmis öllum aðilum sem eiga í afleiðuviðskiptum skylt að tilkynna um viðskiptin til sérstakra viðskiptaskráninga (e. trade repositories) auk þess sem auknar kröfur verða gerðar um áhættustýringu.

Verðbréfamarkaðseftirlitið tekur þátt í fjölbreyttu erlendu samstarfi. Það tekur virkan þátt í starfsemi Evrópska verðbréfa- og markaðseftirlitsins ESMA. Undir ESMA heyrja fjölmargar nefndir sem sinna tilteknum málaflokkum s.s. markaðssvikum, fjárfestavernd, uppgjöri verðbréfavíðskipta o.fl. Þá á verðbréfamarkaðseftirlitið náið samstarf við norrænu eftirlitsstofnanirnar vegna eftirlits með Nasdaq kauphöllunum á Norðurlöndunum.

### Rannsóknir

Fjármálaeftirlitinu ber samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, verðbréfavíðskipti og váttryggingastarfsemi að sinna frumrannsóknum er grunur vaknar um brot á framangreindum lögum. Rannsóknir bera hitann og þungann af því verkefni en mál geta hafist á öðrum sviðum eftirlitsins. Þegar rannsókn leiðir í ljós rökstuddan grun um brot á tilteknum lögum er varða fjármálamarkaðinn, svo sem lögum um verðbréfavíðskipti og lögum um fjármálafyrirtæki er máli vísað til frekari rannsóknar hjá lögreglu eða það fer í stjórnvaldssektarferli og fer það eftir því hversu viðamikil meint brot eru. Hluti af verkefnum rannsókna er jafnframt að sinna eftirmálum rannsókna á málum er tengjast hrúni fjármálamarkaðarins.

Þrátt fyrir að umfang rannsókna hafi minnkað eftir að rannsóknnum á málum tengdum hrúninu sé lokið berast Fjármálaeftirlitinu árlega tugir ábendinga frá ýmsum aðilum, auk þess sem stofnunin tekur mál til rannsóknar að eigin frumkvæði. Algengast er að til skoðunar séu meint brot á lögum um verðbréfavíðskipti, þ.e. grunur um innherjasvik og markaðsmisnotkun. Þá er nokkuð um að Fjármálaeftirlitinu berist kvartanir vegna meintra slæmra viðskiptahátta og koma rannsóknir oft að meðferð slíkra mála. Heimildir Fjármálaeftirlitsins til öflunar gagna og upplýsinga eru ríkar og ómissandi þáttur í rannsóknnum mála er að kalla eftir gögnum og upplýsingum frá hlutaðeigandi. Gætt er að því að slíkar beiðnir séu aðlagðar viðeigandi tilefni hverju sinni og að ekki sé farið út fyrir mörk meðalhöfs. Í ljósi þess að umsvif á innlendum verðbréfamarkaði hafa farið vaxandi og fyrirsjáanlegt er að þau aukist enn á komandi árum, má reikna með að umfang rannsókna Fjármálaeftirlitsins muni vaxa að sama skapi. Þó ríkir eðli máls samkvæmt nokkur óvissa um fjölda og umfang mála sem koma munu til rannsókna.

### Innleiðing tilskipana og reglugerða

Þann 1. janúar 2011 tóku til starfa þrjár eftirlitsstofnanir á fjármálamarkaði í ESB, Evrópska bankaeftirlitið (EBA), Evrópska váttrygginga og lífeyrissjóðaefntirlitið (EIOPA) og Evrópska verðbréfa og markaðseftirlitið (ESMA). Stofnanirnar eru hluti af sam-evrópsku fjármálaeftirlitskerfi (European System of Financial Supervision) og hafa þeim verið fengnar ýmsar valdheimildir gagnvart stjórnvöldum ESB ríkjanna og markaðsaðilum.

Þann 14. október 2014 náðist samkomulag milli ráðherra ESB ríkjanna og EFTA ríkjanna Íslands, Noregs og Liechtenstein um aðkomu EES EFTA ríkjanna að fyrrgreindum stofnunum og fyrirkomulag fjármálaeftirlits á EES svæðinu. Felur samkomulagið í sér að Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) verður falin ákvarðanataka í þeim málum sem varða stjórnvöld og markaðsaðila í EFTA ríkjunum.

Yfir 100 tilskipanir og reglugerðir ESB á fjármálamarkaði bíða þess nú að verða teknar inn í EES samninginn og hefur undanfarið verið unnið að því af hálfu sérfræðinga EES EFTA ríkjanna og ESB að útfæra fyrrgreint samkomulag með aðlögun gerðanna að EES samningnum.

Má hér helst nefna þrjár reglugerðir um framangreindar eftirlitsstofnanir EBA, EIOPA og ESMA, nýja tilskipun og reglugerð um bankastofnanir (CRD IV/CRR), tilskipun um fagfjárfestastjóði (AIFMD), reglugerð um innviði fjármálamarkaða (EMIR), reglugerð um skortsölu, nýja tilskipun og reglugerð um markaði fyrir fjármálagerninga (MiFID2/MiFIR), nýja



reglugerð um markaðsmisnotkun (MAR), tilskipun um viðbúnað, skil og slit fjármálafyrirtækja (BRRD), ásamt fjölda undirgerða sem útfæra efni þeirra nánar.

### 1.3 Greiningasvið

Hlutverk greiningasviðs er að greina helstu áhættuþætti einstakra geira fjármálamarkaðar, ásamt því að greina kerfisáhættu og þróun á fjármálamörkuðum. Greiningasvið veitir upplýsingar út á við og til annarra starfseininga Fjármálaeftirlitsins um áhættu og ástand markaða, gerir tillögur um breytingar á lögum og er þátttakandi í að móta reglur og leiðbeinandi tilmæli er varða stýringu áhættu á fjármálamarkaði. Á greiningasviði starfa þrjú teymi sem afmarka betur verkefni sviðsins í einstökum málaflokkum og mörkuðum. Teymin þrjú eru þjóðhagsvarúð, áhættugreining fjármálafyrirtækja og áhættugreining váttryggingafélaga og lífeyrissjóða.

Eitt af helstu verkefnum greiningasviðs er framkvæmd áhættumats áhættuþátta í rekstri eftirlitsskyldra aðila sem er hluti af svonefndu könnunar- og matsferli (e. Supervisory Review and Evaluation Process - SREP) en í því felst að ákveða hversu mikið eigið fé fjármálafyrirtækin þurfa að binda til að mæta áhættum sínum og eftir atvikum að gera kröfur um úrbætur í starfsemi þeirra. Á árinu var gert áhættumat á viðskiptaböndunum fjórum, Íbúðalánasjóði, tveimur sparissjóðum og Lánasjóði sveitarfélaga. Viðmiðunarreglur EBA (e. European Banking Authority) um SREP-ferlið munu taka gildi innan ESB þann 1. janúar 2016 og er Fjármálaeftirlitið að undirbúa innleiðingu þeirra viðmiða. Einnig er unnið að þróun sambærilegs áhættumats á lífeyrissjóðum og váttryggingafélögum, sem byggist m.a. á viðmiðunarreglum EIOPA um eftirlitsferli (e. Supervisory Review Process, SRP). Greiningasvið hafði á árinu til skoðunar umsókn um leyfi fyrir beitingu innramatsaðferðar við mat á eiginfjárþörf vegna útlánaáhættu.

Greiningasvið kemur að ýmis konar verkefnum tengdum CRD IV og CRR tilskipun og reglugerð ESB sem felur m.a. í sér innleiðingu á alþjóðlegum Basel III staðli um eiginfjárkröfur og lausafjárkröfur fjármálafyrirtækja. Verkefni hafa meðal annars falist í aðkomu að gerð frumvarps sem innleiðir tilskipun ESB<sup>1</sup>, rýnivinnu, yfirlestur á þýðingum þýðingarmiðstöðvar utanríkisráðuneytis á CRR og yfirferð tæknistaðla og viðmiðunarreglna (e. guidelines) EBA. CRD IV/CRR tók gildi í aðildarríkjum ESB 1. janúar 2015. en hér á landi er unnið eftir þeirri áætlun að viðeigandi EES-gerðir verði lögfestar 1. janúar 2016. Þá hefur sviðið unnið að undirbúningi að útgáfu á reglum og leiðbeinandi tilmælum varðandi ýmsa áhættuþætti í starfsemi fjármálafyrirtækja og er í því sambandi fyrst og fremst byggt á viðmiðunarreglum frá EBA.

Greiningasviðið vinnur að undirbúningi að innleiðingu Solvency II tilskipunar ESB sem mun breyta starfsumhverfi váttryggingafélaga töluvert. Fjármálaeftirlitið fer fyrir nefnd sem vinnur að innleiðingu nýrra laga um váttryggingastarfsemi og er gert ráð fyrir að frumvarp verði lagt fyrir á haustþingi. Tilskipunin mun taka gildi innan ESB 1. janúar 2016. Frá upphafi ársins 2014 hefur staðið yfir undirbúningur að innleiðingu tilskipunarinnar og hefur í því sambandi verið byggt á viðmiðunarreglum frá EIOPA. Greiningasvið vann að nýjum leiðbeinandi tilmælum um áhættustýringu váttryggingafélaga, nr. 3/2014 þar sem eldri tilmæli voru aðlöguð frekar að væntanlegum kröfum samkvæmt Solvency II. Einnig hafa váttryggingafélög skilað frá árinu 2011 skýrslum um eigið áhættu- og gjaldþolsmat (e. Own Risk and Solvency Assessment, ORSA) sem verður lögbundin krafa samkvæmt Solvency II. Á síðustu vikum hefur farið fram ítarleg endurgjöf á umræddum skýrslum félaganna frá árinu 2014 þar sem ábendingar Fjármálaeftirlitsins hafa verið kynntar fyrir stjórnnum félaganna. Auknar kröfur verða gerðar til ORSA á árinu 2015.

Samfara innleiðingu á CRD IV og Solvency II hafa evrópsku eftirlitsstofnanirnar EBA og EIOPA gefið út samræmda staðla um gagnaskil á XBRL-formi. Greiningasvið hefur unnið að innleiðingu þeirra staðla ásamt nýju verklagi við gagnaskil hjá Fjármálaeftirlitinu og endurskoðun á gagnasöfnun þess með hliðsjón af þeim.

Í maí 2014 voru samþykkt lög nr. 66/2014 um fjármálastöðugleikaráð og kerfisáhættunefnd. Hér er um að ræða samstarfsvettvang og upplýsingaskipti um málefni sem snerta kerfisáhættu, ástand og horfur einstakra fjármálafyrirtækja og fjármálakerfisins í heild. Samstarfshópar á vegum Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands vinna að undirbúningi og greiningu áhættuþátta fyrir fjóra fundi kerfisáhættunefndar á ári. Greiningasvið hefur umsjón með þeirri vinnu innan Fjármálaeftirlitsins, en starfandi eru áhættumatshópar sem greina kerfisáhættu, útlánaáhættu, lausafjár- og fjármögnunaráhættu, markaðsáhættu og málefni tengd fjármálainnviðum.

Greiningasvið og Seðlabankinn eru í samstarfi um framkvæmd álagsprófa þar sem könnuð eru áhrif þjóðhagslegra sviðsmynda á viðnámsþrótt viðskiptabanka. Fyrsta framkvæmd slíkra álagsprófa var á árinu 2013 en stefnt er að árlegri framkvæmd. Á síðasta ári stóð EIOPA fyrir álagsprófi á váttryggingafélögum sem allar íslenskar váttryggingasamstæður tóku þátt í og hafði greiningasvið umsjón með framkvæmd þess. Sviðið stefnir að þátttöku í álagsprófi EIOPA á lífeyrissjóði án ábyrgðar (e. defined contribution).

Greiningasvið tekur þátt í fjölbreyttu erlendu samstarfi, t.d. norrænu og baltnesku samstarfi fjármálaeftirlita og samstarfi á vegum fjölmargra alþjóðlegra stofnana, einkum evrópsku eftirlitsstofnananna EBA og EIOPA. Þá tekur sviðið einnig virkan þátt í starfsemi OECD á lífeyrismarkaði. Einnig tekur greiningasvið á móti fulltrúum erlendra eftirlitsstofnana og matsfyrirtækja sem heimsækja stofnunina í tengslum við upplýsingaöflun um stöðu og horfur á fjármálamarkaði hér á landi.

#### Áhættumiðað eftirlit

Fjármálaeftirlitið hefur undanfarin ár unnið að útfærslu og innleiðingu á áhættumiðuðu eftirliti í takt við þróun á framkvæmd eftirlits á alþjóðavísu.

Eftirlitsskyldum aðilum hefur verið raðað í flokka eftir áhrifavægi sem byggir á mati á því hvaða afleiðingar rekstrarstöðvun viðkomandi eftirlitsskylds aðila hefði varðandi fjármálastöðugleika og hagsmuni viðskiptavina. Eftirlit með viðkomandi aðila ræðst af áhrifavægisflokkun og endurspeglast í eftirlitslíkani, þar sem þau eftirlitsverkefni sem að lágmarki eru framkvæmd fyrir hvern aðila koma fram. Umfang og tíðni verkefna eykst eftir því sem áhrifavægið er meira.

Áhættumiðað eftirlit felur jafnframt í sér kerfisbundið mat á áhættuþáttum í starfsemi eftirlitsskyldra aðila og líkum á að viðkomandi þáttur valdi verulegum truflunum á starfsemi eða rekstrarstöðvun. Áhersla er lögð á samskipti við eftirlitsskylda aðila með það að markmiði að auka skilning á starfseminni og þeim þáttum sem geta skapað mesta hættu fyrir fjármálastöðugleika eða viðskiptavinum. Þetta þýðir að Fjármálaeftirlitið mun í auknum mæli eiga samtöl við eftirlitsskylda aðila um atriði sem kunna að vera skaðleg óháð því hvort þau kunna að geta talist ólögleg. Fari áhætta út fyrir skilgreind viðmið mun Fjármálaeftirlitið koma því á framfæri og grípa til viðeigandi ráðstafana. Vinna er í gangi við gerð vinnulýsinga sem eiga að tryggja samræmi við framkvæmd áhættumats en þær byggja eftir atvikum á leiðbeiningum og tilmælum frá eftirlitsstofnunum Evrópusambandsins, um góða framkvæmd eftirlits.

Samhliða innleiðingu á aðferðafræði áhættumiðaðs eftirlits er unnið að gerð tölvukerfis sem ætlað er að halda utan um niðurstöður áhættumats og veita yfirsýn yfir áhættu í starfsemi eftirlitsskyldra aðila. Kerfinu er ætlað að styðja við aðferðafræði áhættumiðaðs eftirlits og gera stofnuninni kleyft að ráðstafa mannafla og fjármagni á sem hagkvæmasta hátt í þágu almennings.



#### 1.4 Svið yfirlögfræðings

Svið yfirlögfræðings hefur ráðgjafarhlutverk gagnvart forstjóra og öðrum sviðum um lögfræðileg álitaefni. Sviðið yfirfer erindi og tillögur sem leggja á fyrir stjórn Fjármálaeftirlitsins til ákvörðunar og ritar fundargerðir stjórnar. Einnig hefur sviðið aðkomu að viðurlagamálum og hefur fyrirvar í dómsmálum sem Fjármálaeftirlitið er aðili að, svarar erindum frá umboðsmanni Alþingis og upplýsingabeiðnum sem berast stofnuninni á grundvelli upplýsingalaga.

Svið yfirlögfræðings hefur umsjón með því að veita ráðuneytum og Alþingi umsagnir vegna lagafrumvarpa og reglugerða sem varða fjármálamarkaðinn og tekur þátt í nefndarstarfi. Auk þess annast sviðið samræmingu og samvinnu við önnur svið innan eftirlitsins, sem og samskipti við stjórnarsýsluna, erlend eftirlit og tekur þátt í samráðsvettvangi með yfirlögfræðingum norrænu eftirlitanna.

Meðal verkefna sviðsins sem hafa komið til framkvæmdar á árinu er endurskoðun gjaldskrár og gagnsæisstefnu Fjármálaeftirlitsins. Þá hafði sviðið aðkomu að endurskoðun reglna nr. 130/2014 um viðskipti stjórnarmanna, forstjóra og starfsmanna Fjármálaeftirlitsins, og reglna nr. 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt, auk þess að gera breytingar á formi og verklagi við gerð sátta.

Á árinu féllu þrjú dómur í Hæstarétti þar sem Fjármálaeftirlitið var málsaðili. Í málum nr. 62/2014 og 161/2014 var fallist á kröfu Fjármálaeftirlitsins um að eftirlitsgjald teldist til skiptakostnaðar. Í máli nr. 460/2014 var staðfestur frávisunarúrskurður héraðsdóms, en málið hafði ekki verið höfðað innan lögbundins málshöfðunarfrests. Héraðsdómur Reykjavíkur felldi dóm í máli nr. E-4177/2013 þar sem Fjármálaeftirlitið var sýknað af bótakröfu vegna útgjalda málsaðila við að leita til umboðsmanns Alþingis.

Umboðsmaður Alþingis komst að niðurstöðu í tveim málum sem varða Fjármálaeftirlitið. Öðru málinu lauk með áliti í máli nr. 7241/2012 þar sem gerðar voru athugasemdir við að skort hefði á varðveislu og skráningu tiltekinna gagna í ráðningarferli. Í hinu málinu var niðurstaða umboðsmanns Alþingis sú að engir ágallar voru á málsmeðferð Fjármálaeftirlitsins og því ekki ástæða til að taka málið til frekari skoðunar. Fjármálaeftirlitið birti frétt á vefsíðu sinni þann 7. ágúst 2014 þar sem reifuð voru þau atriði sem umboðsmaður hafði tekið til skoðunar í síðarnefnda málinu.

Úrskurðarnefnd um upplýsingamál kvað upp níu úrskurði á árinu 2014 sem vörðuðu afgreiðslu Fjármálaeftirlitsins á upplýsingabeiðnum. Í flestum tilfellum var afstaða Fjármálaeftirlitsins til afhendingar gagna staðfest.

#### 1.5 Mannauðsmál

Fjármálaeftirlitið leggur áherslu á að hafa á að skipa hæfu og áhugasömu starfsfólki sem hefur metnað til góðra verka. Síðastliðin þrjú ár hefur fjöldi starfsmanna og starfsmannavelta verið nokkuð stöðug. Árið 2014 var fjöldi greiddra stöðugilda 117,5 og starfsmannavelta var tæp 8%. Meðalaldur starfsmanna var í lok árs 42,2 ár og er meiri hluti starfsmanna með háskólapróf á meistarastigi.

Á árinu voru starfsmenn hvattir til að nýta sér virkan og vistvænan ferðamáta sem og að rækta eigin heilsu. Fjármálaeftirlitið stuðlaði að því með ýmsum hætti í góðu samstarfi við samgöngunefnd. Sem dæmi má nefna að útbúin var búningsaðstaða fyrir starfsmenn og í lok árs voru 43 starfsmenn með samgöngusamning. Jafnframt fékk Fjármálaeftirlitið Samgönguviðurkenningu Reykjavíkurborgar árið 2014 fyrir góðan árangur og aðgerðir til að draga úr umferð og auðvelda starfsfólki að nýta sér virkan ferðamáta.

Fjármálaeftirlitið er þekkingarsamfélag þar sem allir starfsmenn fá verkefni og áskoranir við hæfi og tækifæri til að vaxa í starfi. Fræðslumál voru með svipuðu sniði og áður en sérstök áhersla var

á stjórnendabjálfun. Á árinu lauk þremur stórum umbótaverkefnum og voru þau sett í innleiðingu og rekstur. Má þar nefna áhættumiðað eftirlit en í frammistöðusamtölum var sérstök áhersla á greiningu fræðsluþarfa varðandi það verkefni og stefnt er að því að auka fræðslu á því sviði.

Lögð er áhersla á vinnustaðamenningu sem einkennist af jákvæðni, trausti og opnum samskiptum og er það m.a. áréttað í nýjum gildum. Ný vinnustaðagreining sýnir að starfsandi hjá Fjármálaeftirlitinu er góður eða 4,22 stig af 5 mögulegum en jafnframt hefur ánægja og stolt starfsmanna aukist á milli ára.

#### 1.6 Rekstur og fjármál

Skrifstofa fjármála og rekstrar hefur umsjón með fjárhags- og launabókhaldi stofnunarinnar, innheimtu eftirlitsgjalds og annarra tekna. Einnig umsjón með verkbókhaldi, rekstri húsnæðis, samskiptum við húseigendur og öðrum málum, s.s. rekstri mótuneytis. Skrifstofan ber ábyrgð á áætlunar- og fjárlagagerð stofnunarinnar, fjármálastjórn, innkaupum, kostnaðareftirliti, rekstraruppgjörum og gerð ársreiknings. Í verkbókhaldi stofnunarinnar er að finna þá verkáætlun kjarna- og stoðsviða sem álagning eftirlitsgjalds byggir á lögum samkvæmt og útlistað er með ýtarlegum hætti hér að neðan.

##### Rekstur á árinu 2014

Samkvæmt fyrirliggjandi ársreikningi Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2014 námu rekstrargjöld, án sérstakrar 135,2 m.kr. bakfærslu afskriftar vegna innheimtu tekna af föllnum fjármálastofnunum frá fyrri árum, samtals 1.812,8 m.kr., samanborið við 1.736,2 m.kr. árið 2013. Hækkun rekstrargjalda milli ára er því 4,4%. Stærsti einstaki kostnaðarliðurinn er sem fyrr launakostnaður en hann nam 1.414 m.kr. á árinu 2014 samanborið við 1.341,5 m.kr. árið á undan. Heildartekjur að meðtöldum fjármunatekjum og -gjöldum námu 1.693,4 m.kr. en þar af voru tekjur af eftirlitsgjaldi 1.589,9 m.kr. og höfðu lækkað um 9,2% milli ára. Samkvæmt framansögðu varð því 15,8 m.kr. tekjuafgangur af rekstri Fjármálaeftirlitsins á árinu 2014. Útgjöld vegna úrskurðarnefnda, sem vistaðar eru hjá stofnuninni, eru meðtalin í rekstrargjöldum en launakostnaður nefndanna nam 20,1 m.kr. Mestur hluti þess kostnaðar er endurheimtur frá þeim eftirlitsskyldu aðilum sem aðild eiga að málum sem nefndirnar úrskurða um. Eigið fé Fjármálaeftirlitsins í árslok 2014 nam 575,2 m.kr. en var í ársbyrjun 559,5 m.kr. Eigið fé í lok árs að frádregnum varasjóði, sem nemur að hámarki 5% af eftirlitsgjaldi næsta árs, kemur til lækkunar á eftirlitsgjaldi næsta árs samkvæmt ákvæði laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Varasjóður samkvæmt framangreindu er 82 m.kr. í árslok 2014. Ársreikning fyrir árið 2014 er að finna á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins.



## Fjármálaeftirlitið

Ársreikningur, sundurliðun tekna og gjalda

	2014 þ.kr.	2013 þ.kr.
<b>Tekjur</b>		
Eftirlitsgjald	1.589.938	1.751.593
Aðrar tekjur	70.338	29.298
Tekjur samtals	1.660.276	1.780.891
<b>Rekstrargjöld</b>		
Launakostnaður	1.414.027	1.341.535
Aðildargjöld, ferðir og fundir, endurmenntun ofl.	93.845	88.326
Rekstrarvörur	25.016	32.127
Aðkeypt þjónusta, hugbún. gerð og leyfisgjöld	162.430	172.490
Húsnæðiskostnaður	91.421	90.324
Rekstrarkostnaður og bætur vegna dóma	26.105	11.400
	1.812.843	1.736.202
Afskrift/innheimt vegna fallinna fjármálast.	-135.249	151.912
Rekstrargjöld samtals	1.677.594	1.888.114
<b>Fjármunatekjur og -gjöld</b>		
Hagnaður (tap)	33.112	43.797
	15.795	-63.426

### Rekstraráætlun ársins 2015

Gert er ráð fyrir að útgjöld stofnunarinnar verði 1986,6 m.kr. árið 2015. Áætlaðar tekjur stofnunarinnar eru 1720,2 m.kr., þar af er álagt eftirlitsgjald 1.637 m.kr. Mismunurinn er fjármagnaður með eigin fé sem myndast hefur með afgangi á afkomu undanfarin ár.

### Skipting ráðstöfunartíma

Skráning vinnustunda er tengd verkþókhaldi Fjármálaeftirlitsins. Upplýsingar úr skráningunni eru m.a. nýttar við árlegar áætlanir um skiptingu rekstrarkostnaðar stofnunarinnar milli flokka eftirlitsskyldra aðila eins og mælt er fyrir um í lögum.

Í eftirfarandi töflu er sýnd skipting ráðstöfunartíma á helstu flokka eftirlitsskyldra aðila á árunum 2013 og 2014:

Hlutfallsleg skipting ráðstöfunartíma Fjármálaeftirlitsins milli flokka eftirlitsskyldra aðila *)	2013 %	2014 %
Lánastofnanir	55,0	54,6
Vátryggingafélög og vátryggingamiðlarar	12,8	11,1
Lífeyrissjóðir	14,4	15,3
Rekstrarfélög verðbréfasjóða	6,9	5,0
Verðbréfafyrirtæki og verðbréfamiðlanir	3,5	2,5
Útgefendur hluta- og skuldabréfa	4,5	5,5
Ýmsir aðilar	2,9	6,0
	100,0	100,0

\*) Vinna við rannsóknir á föllum fjármálafyrirtækjum, sem lauk í febrúar 2013, er ekki meðtalin í þessari flokkun.

Tímaskráning Fjármálaeftirlitsins sýnir einnig greiningu starfseminnar í tegundir verkefna eða viðfangsefni. Slík greining ráðstöfunartímans á árunum 2013 og 2014 er eftirfarandi:

Hlutfallsleg skipting ráðstöfunartíma Fjármálaeftirlitsins milli helstu verkefna	2013 %	2014 %
Eftirlitsverkefni	59,7	58,1
viðvarandi fjárhagslegt eftirlit (e. off-site)	26,1	29,6
vettvangsathuganir (e. on-site)	9,0	8,2
önnur eftirlitsmál	24,6	20,4
Reglusetning	4,4	5,8
Almennur rekstur	32,2	31,3
Erlent samstarf/samskipti	3,7	4,7
	100,0	100,0

Með viðvarandi fjárhagslegu eftirliti í töflunni er átt við athuganir, vöktun og markaðsvakt m.a. á grundvelli reglubundinnar upplýsingasöfnunar eða skýrsluskila til Fjármálaeftirlitsins. Ennfremur ýmsar sértækar athuganir á starfsemi, viðskiptaháttum og starfsreglum eftirlitsskyldra aðila. Með vettvangsathugunum er átt við vettvangsathuganir á starfsstöðvum eftirlitsskyldra aðila. Með öðrum eftirlitsmálum er átt við ýmsar leyfisveitingar, hæfismöt, viðurlagamál, upplýsingamiðlun, fyrirspurnir og fleira. Með almennum rekstri er átt við vinnu við mála- og skjalastjórnunarkerfi stofnunarinnar, tölvu- og upplýsingatækni, stjórnun, starfsmannamál, fræðslumál og annað sem lýtur að reglubundnum rekstri og skrifstofuhaldi.

### Yfirlit yfir dómsmál og mál umboðsmanns Alþingis sem varða Fjármálaeftirlitið

Dómsniðurstöður þar sem Fjármálaeftirlitið var aðili máls 2012- maí 2015

Ákvörðun FME staðfest, sýknað, frávísað	13 mál
Ákvörðun felld úr gildi eða önnur neikvæð niðurstaða	5 mál
<b>Samtals</b>	<b>18 mál</b>

Um er að ræða dómsniðurstöður í málum þar sem Fjármálaeftirlitið var aðili máls og í flestum tilvikum var um að ræða endurskoðun á ákvörðunum stofnunarinnar. Oftast er um að ræða niðurstöður Hæstaréttar, en í fjórum tilvikum var um endanlega niðurstöðu að ræða í héraðsdómi.

Yfirlit yfir mál umboðsmanns Alþingis sem varða Fjármálaeftirlitið 2012-2014

Álit	7
Bréf	13
<b>Samtals</b>	<b>20</b>

Niðurstöður umboðsmanns Alþingis birtast sem álit eða bréf.

**Álit** Umboðsmaður lætur í ljós álit sitt ef hann telur athafnir stjórnvalda brjóta í bága við lög eða vandaða stjórnsýsluhætti. Álit geta falið í sér sérstök eða almenn tilmæli til stjórnvalda.

**Bréf** Umboðsmaður getur látið mál niður falla að fenginni leiðréttingu eða skýringu stjórnvalda og er það gert með bréfi. Slík bréf geta falið í sér almennar athugasemdir og ábendingar til stjórnvalda.

Umboðsmaður hefur ekki beint erindi til Fjármálaeftirlitsins vegna kvörtunar eða frumkvæðisathugunar á árinu 2014, eða það sem af er ári 2015.





## 2. Heilbrigði fjármálamarkaðarins



## 2. Heilbrigði fjármálamarkaðarins

### 2.1 Lánamarkaður


Í árslok 2014 voru starfandi fjórir viðskiptabankar, 7 sparisjóðir<sup>2</sup> og 6 lánaþyrntæki auk Íbúðalánasjóðs, eða samtals 18 lánastofnanir. Heildareignir lánastofnana í árslok 2014 námu samtals 4.003 milljörðum króna og þar af námu heildareignir viðskiptabankanna samtals 2.993 milljörðum króna og hafa þær lækkað um 1% frá fyrra ári.

Hlutfall heildareigna lánastofnana af vergri landsframleiðslu hefur farið lækkanði undanfarin ár frá því að vera 277% miðað við árslok 2009 í 201% miðað við árslok 2014. Skýringin er einkum sú að heildareignir hafa lækkað á sama tíma og verg landsframleiðsla hefur hækkað. Önnur skýring er miðlun lánsfjármagns fyrir tilstilli aðila eða starfsemi utan hins hefðbundna bankakerfis.

#### Eiginfjárstaða

Í árslok 2014 nam eiginfjárgrunnur stóru viðskiptabankanna þriggja samtals 639 milljörðum króna, samanborið við 595 milljarða króna í árslok 2013 og hefur hann því hækkað um 7,4% á milli ára. Eiginfjárlutfall þeirra í árslok 2014 var að meðaltali 28,5%, samanborið við 26,2% í árslok 2013. Eiginfjárgrunnurinn er að mestu leyti samsettur af eiginfjárbætti A, eða um 91% af heild.

Mynd: Þróun eiginfjárlutfalls



Á mynd hér að ofan má sjá samanburð á hlutfalli eiginfjárbættar A (e. Tier 1) milli annars vegar stóru íslensku viðskiptabankanna og hins vegar úrtaks 55 banka innan Evrópusambandsins sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (e. European Banking Authority) tekur saman ársfjórðungslega.

Hlutfall eiginfjárbættar A hjá stóru viðskiptabönkunum var að meðaltali 26,1% í árslok 2014 samanborið við 13,2% hjá evrópsku bönkunum. Samanburðurinn sýnir að eiginfjárstaða íslensku bankanna er sterk.

#### Rekstrarafkoma

Hagnaður stóru viðskiptabankanna þriggja eftir skatta nam rúnum 81 milljarði króna árið 2014, samanborið við tæpa 64 milljarða króna árið 2013. Arðsemi eiginfjár (e. ROE) eftir skatta nam 14,4% árið 2014, samanborið við 12,1% árið 2013. Arðsemi grunnrekstrar<sup>3</sup> fyrir skatta nam hins vegar 7,5% árið 2014, samanborið við 7,8% árið 2013. Vaxtamunur nam 2,7% árið 2014, samanborið við 3% árið 2013. Rekstrarkostnaður sem hlutfall af hreinum rekstrartekjum nam 53,7% árið 2014, samanborið við 55,7% árið 2013. Rekstrarkostnaður sem hlutfall af eignum nam árið 2,6% 2014, samanborið við 2,7% árið 2013.

#### Fjármögnun og laust fé

Stóru viðskiptabankarnir þrír eru allir vel fyrir ofan lágmark lausafjárreglna eftirlitsaðila. Lausafjárlutföll samtals hafa verið um og yfir 100% frá því að nýjar lausafjárreglur Seðlabanka Íslands tóku fyrst gildi í desember 2013, en samkvæmt reglunum er lágmarkshlutfallið 80% árið 2015. Í lok febrúar 2015 áttu bankarnir lausafjáreignir sem námu um 145 milljörðum króna umfram lausafjárkröfur eftirlitsaðila, þar af um 87 milljarða króna í erlendum gjaldmiðlum. Bankarnir eru allir með há lausafjárlutföll í erlendum gjaldmiðlum eða yfir 200%, en lágmarkshlutfall samkvæmt reglunum er 100%.

Innlán stóru viðskiptabankanna þriggja frá viðskiptavinum námu alls um 1.536 milljörðum króna í árslok 2014 og af þeim voru um 70% laus innan 30 daga. Heildarfjárhæð innlána sem fellur að einhverjum hluta undir núgildandi lög um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta nam samtals um 1.163 milljörðum króna. Af þeirri fjárhæð eru innlán að fjárhæð 384 milljörðum króna tryggð miðað við 20.887 evru lágmarkstryggingarvernd. Ef miðað er við að hámarkstrygging innlána sé 100.000 evrur næmu tryggðar innstæður samtals um 644 milljörðum króna.

Reglur Seðlabankans um fjármögnunarhlutfall í erlendum gjaldmiðlum nr. 1032/2014 tóku gildi þann 1. desember 2014. Fjármögnunarhlutfallinu er ætlað að tryggja lágmark stöðugar fjármögnunar í erlendum gjaldmiðlum til eins árs og takmarka því að hve miklu leyti viðskiptabankar geta reitt sig á óstöðuga skammtímafjármögnun til að fjármagna langtímaútlán í erlendum gjaldmiðlum. Fjármögnunarhlutfallið byggir á reglum Basel nefndarinnar um bankaeftirlit um stöðuga fjármögnun (NSFR). Viðskiptabankarnir fjórir hafa skilað skýrslum frá janúar 2015 og eru allir umfram lágmarkskröfur eftirlitsaðila, en lágmarkshlutfallið fyrir árið 2015 samkvæmt reglunum er 80%.

Stóru viðskiptabankarnir þrír eru allir vel fjármagnaðir sem kemur fram í háum eiginfjárlutföllum þeirra. Að langstærstum hluta byggir fjármögnun bankanna á innlánum frá viðskiptavinum (52%), lántökum (17%) og eigin fé (20%).

Bankarnir þrír hafa allir gefið út sértryggt skuldabréf á síðastliðnum árum. Arion banki hf. og Íslandsbanki hf. hafa jafnframt gefið út víxla til skamms tíma en í litlu magni. Enginn banki hefur enn gefið út óveðsett skuldabréf til lengri tíma í íslenskum krónum.

Í janúar 2015 tilkynnti Arion banki hf. að hann hefði keypt til baka hluta áður útgefinna skuldabréfa fyrir alls 59 milljónir norskra króna (um 1 milljarður króna). Skuldabréf voru keypt á verðinu 102,5, sem samsvarar 2,79% álagi yfir NIBOR. Í mars 2015 gaf bankinn út skuldabréf fyrir 300 milljónir evra (um 44 milljarða króna) til þriggja ára. Útgáfan var á 3,125% föstum vöxtum yfir millibankavöxtum en seld á kjörum sem jafngilda 3,10% álagi yfir millibankavexti.

Í mars 2014 gaf Íslandsbanki hf. út skuldabréf að fjárhæð 300 milljónir sænskra króna og voru vaxtakjör 330 punkta álag á STIBOR og í maí 2014 gaf bankinn út skuldabréf að fjárhæð 100



milljónir evra á 3% föstum vöxtum til tveggja ára. Í apríl 2015 stækkaði bankinn skuldabréfaútgáfu sína með útgáfu að fjárhæð 150 milljónir sænskra króna til fjögurra ára sem ber fljótandi vexti, 310 punkta ofan á þriggja mánaða STIBOR, og seldist á verðinu 100,48.

Landsbankinn hf. hefur ekki gefið út skuldabréf á erlendum mörkuðum. Hins vegar var grunnlýsing bankans vegna mögulegrar útgáfu skuldabréfa í erlendum gjaldmiðlum staðfest af kauphöllinni í Dublin á Írlandi í ágúst 2014. Um er að ræða svokallaðan EMTN skuldabréfamma sem gefur bankanum færi á að gefa út skuldabréf að jafnvirði allt að 1 milljarði evra í ýmsum gjaldmiðlum og á föstum eða fljótandi vöxtum. Með skráningu skuldabréfamma í erlenda kauphöll er bankinn í aðstöðu til að gefa út skuldabréf í erlendum gjaldmiðlum þegar hagstæð kjör bjóðast.

Kjörin sem bankarnir hafa verið að fá hingað til á erlendum mörkuðum eru frekar há og verða það sennilega þangað til niðurstaða liggur fyrir varðandi fyrirhugaða losun fjármagnshafta og að lánsþæfismat ríkissjóðs breytist til hækkunar. Íslandsbanki hf. fékk nýlega hækkun á lánsþæfismati í BBB-/F3 með stöðugum horfum sem ætti að öllu jöfnu að leiða til betri kjara á skuldabréfum bankans.


Einn helsti áhættuþáttur í fjármögnum bankanna hefur tengst veðtryggðum skuldabréfum sem Landsbankinn hf. gaf út í erlendum gjaldmiðlum til uppgjors skuldar við LBI hf. Áhættan hefur minnkað, en þann 8. maí 2014 náðist samkomulag milli bankans og LBI hf. um breytingar á uppgjörsskuldabréfum sem samið var um í desember 2009. Samkomulagið er mikilvægt skref í átt að frekari styrkingu fjármögnunar bankans í erlendum gjaldmiðlum og ætti að auðvelda bankanum að sækja lánsfé á alþjóðlega fjármagnsmarkaði á hagstæðari kjörum.

### Útlánaáhætta og eignagæði

Útlán stóru viðskiptabankanna þriggja til viðskiptavina námu 2.000 milljörðum króna í árslok 2014, en það er 6,9% aukning frá árslokum 2013 þegar útlánin námu 1.871 milljarði króna. Skuldastaða heimila og fyrirtækja sem hlutfall af landsframleiðslu hefur verið að batna. Þá hefur hlutfall lána í vanefndum og frýstingu farið lækkandi frá haustinu 2008 eftir að fjárhagur illra staddra lánþega hefur verið endurskipulagður. Margir lánþegar eru þó enn mjög skuldsettir og ákveðin óvissa er til staðar hvort þeir geti staðið við lánasamninga til framtíðar.

Stóru viðskiptabankarnir þrír hafa lagt mesta áherslu á að endurskipuleggja stærstu lánþegana sem hefur skilað sér í lægri vanskilum þeirra frá bankahruninu haustið 2008. Endurskipulagningin hefur gengið hægar hvað varðar minni lánþega en að undanförunu hefur komist meiri skriður á endurskipulagningu þeirra.

Mynd: Vanskilalán banka sem hlutfall af brúttó útlánasafni án niðurfærslu.



Á mynd hér að ofan má sjá samanburð stóru viðskiptabankanna við 55 banka innan Evrópusambandsins sem byggir á samantekt Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar. Svo virðist sem ágætur árangur hafi náðst í endurskipulagningu útlána. Vanskilahlutfallið hefur verið á hraðri niðurleið á Íslandi síðastliðin ár og á sama tíma á uppleið í flestum ríkjum Evrópusambandsins.


### Íbúðalánasjóður

Heildareignir Íbúðalánasjóðs í árslok 2014 námu 825 milljörðum króna, samanborið við 863 milljarða króna í árslok 2013. Hagnaður ársins 2014 var 3,2 milljarðar króna, samanborið við tap að fjárhæð 4,4 milljarða króna árið 2013. Hagnaður ársins 2014 skýrist fyrst og fremst af bakfærslu á gjaldfærðri afskrift að fjárhæð um 4 milljarðar króna en tveimur stórum ágreiningsmálum vegna falls viðskiptabankanna lauk á árinu. Eiginfjárlutfall sjóðsins var í árslok 2014 4,5%, en skv. 7. gr. reglugerðar nr. 544/2004, um fjárhag og áhættustýringu Íbúðalánasjóðs, skal langtímamarkmið sjóðsins vera að halda eiginfjárlutfalli yfir 5%. Sjóðurinn býr við töluverða uppgreiðsluáhættu í núverandi vaxtaumhverfi. Þá er vaxtamunur sjóðsins aðeins um 0,18%. Íbúðalánasjóður er skilgreindur sem kerfislega mikilvægt fjármálafyrirtæki. Aðgerðir ríkisstjórnar um höfuðstólslækkun verðtryggðra lána hafa veruleg áhrif á rekstrarhæfi sjóðsins til framtíðar. Áætlað er að útlánasafn Íbúðalánasjóðs lækki um 34 - 36 milljarða króna vegna aðgerðanna og að hreinar vaxtatekjur muni lækka um tæpan milljarð á ári. Samningur hefur verið gerður við fjármálaráðuneytið um bætur vegna þessara aðgerða en þó er ekki gert ráð fyrir skuldbindingum ríkissjóðs vegna þessa í ársreikningi sjóðsins. Ennfremur er áætlað að tjón sjóðsins vegna aðgerða um innágreiðslu lána hjá Íbúðalánasjóði með séreignasparnaði verði um 300 - 450 milljónir króna á ári. Ekki er gert ráð fyrir að það tjón verði bætt sjóðnum af ríkissjóði. Þar sem sjóðnum er ekki heimilt að greiða upp skuldbindingar sínar á móti upp- og innágreiðslum útlána þá munu þessar aðgerðir sem tengjast höfuðstólslækkun og séreignasparnaði hafa enn frekari neikvæð áhrif á rekstrarhæfi sjóðsins en þau sem fyrir voru. Ríkissjóður mun áfram þurfa að styðja við rekstur sjóðsins.

### Sparisjóðirnir

Á árinu 2014 nam tap sparisjóðanna eftir skatta 1,7 milljörðum króna, samanborið við 136 milljóna króna hagnað árið áður. Arðsemi eiginfjár sparisjóðanna var neikvæð um 43,2%<sup>4</sup> á árinu 2014 samanborið við jákvæða arðsemi um 3,2% árið 2013. Heildareignir sparisjóðanna í árslok 2014 námu 56,4 milljörðum króna, samanborið við 57,8 milljarða króna í árslok 2013. Bókfært eigið fé sparisjóðanna í árslok 2014 nam 3,9 milljörðum króna, samanborið við 4,7 milljarða króna í árslok 2013. Eiginfjárlutfall í árslok 2014 var að meðaltali 8,1%<sup>5</sup>, samanborið við 14,2% í árslok 2013. Almennt er fjárhagsleg staða og rekstrargrundvöllur sparisjóða áhyggjuefni. Lausafjárstaða sparisjóðanna sýnist þó vera vel viðunandi.

**Mynd:** Heildareignir lánastofnana á samstæðugrunni m.v. 31. desember 2014



### Samantekt

Þrátt fyrir góða eiginfjástöðu, viðunandi lausafjástöðu og lækkun vanskilahlutfalla eru nokkur atriði sem valda óvissu og gætu haft neikvæð áhrif á rekstur bankanna á komandi misserum. Þar ber helst að nefna óvissu tengda fyrirhugaðri losun fjármagnshafta. Í því sambandi er niðurstaða af slitameðferð fallinna fjármálafyrirtækja og möguleg áhrif á fjármálastöðugleika verulegur áhættuþáttur. Einnig er óvissa um gæði útlánasafna, fjármögnun í erlendum gjaldmiðlum til lengri tíma, stöðugleika fjármögnunar og efnahagsástand í helstu viðskiptalöndum. Styrkja þarf grunnrekstur stóru viðskiptabankanna en hagnaður þeirra hefur einkum verið drifinn áfram af einskisliðum í síðustu uppgjörum. Mikilvægt er því að bankarnir viðhaldi góðri eiginfjár- og lausafjástöðu og gæti hófs í útgreiðslu eigin fjár. Líkur er á að ríkissjóður þurfi áfram að styðja við rekstur Íbúðarlánasjóðs og þá er fjárhagsleg staða og rekstrargrundvöllur sparisjóða áhyggjuefni.

## 2.2 Verðbréfamarkaður

### Þróun á verðbréfamarkaði

Íslenskur hlutabréfamarkaður hélt áfram sókn sinni á árinu 2014. Tvö félög bættust við aðallista Kauphallarinnar og velta með hlutabréf jókst um 15,7%. Velta með skuldabréf dróst saman þriðja árið í röð.

### Þróun á hlutabréfamarkaði

Velta með hlutabréf jókst úr 251 milljarði króna í ríflega 290 milljarða árið 2014. Aukin velta skýrist að mestu vegna innkomu tveggja nýrra félaga á aðallista, HB Granda hf. og Sjóvá-Almennra trygginga hf., auk þess sem N1 hf. var skráð á markað undir lok árs 2013.

Íslensk hlutabréf fóru heldur rólega af stað á árinu 2014 og skiluðu neikvæðri ávöxtun á fyrri helmingi árs, í fyrsta skipti síðan 2010. Síðari helmingur árs var eigendum hlutabréfa þó nokkuð hliðhollari en við lok árs hafði heildarvísitalan OMXIGI, sem mælir vegna meðaltalsávöxtun allra skráðra hlutafélaga á aðalmarkaði að teknu tilliti til arðgreiðslna, hækkað um 12,4%. Hlutabréfamarkaðurinn hélt áfram að sýna jákvæð merki á fyrsta ársfjórðungi 2015. Frá áramótum hefur OMXIGI vísitalan hækkað um ríflega 9%.

**Mynd 1:** Þróun hlutabréfavísitalunnar NASDAQ OMXIGI



Markaðsvirði skráðra hlutafélaga á aðalmarkaði Kauphallarinnar nam samtals rúmum 661 milljarði króna við árslok 2014 samanborið við 534 milljarða í upphafi árs. Nemur hækkunin tæpum 24% sem skýrist að mestu leyti af innkomu tveggja nýrra félaga á markað og mikilli verðhækkun á hlutabréfum Össurar hf. Markaðsvirði skráðra hlutafélaga á íslenskum hlutabréfamarkaði mældist rétt um 34% af vergri landsframleiðslu við árslok 2014 og þokaðist því nær því sem þekktist meðal nágrennalanda okkar en þar mælist þetta sama hlutfall á bilinu 40-70%.

Arðgreiðslur og kaup félaga á eigin hlutabréfum voru nokkuð fyrirferðamikil á árinu 2014 en á því ári nam heildarvirði arðgreiðslna og endurkaupa rétt um 20 milljörðum króna.

### Þróun á skuldabréfamarkaði


Ársvelta með skuldabréf dróst saman um 15,9% milli ára. Er þetta þriðja árið í röð sem velta með skuldabréf dregst verulega saman milli ára. Þennan samdrátt má rekja til minni veltu með íbúða- og húsnæðisbréf og verðtryggð ríkisbréf. Velta með óverðtryggð ríkisbréf var með svipuðu móti og árið 2013.

Nokkrar sveiflur voru í ávöxtunarkröfu óverðtryggðra skuldabréfa árið 2014. Þannig lækkaði ávöxtunarkrafa lítilliga á fyrsta ársfjórðungi en tók að hækka á öðrum ársfjórðungi. Nokkur lækkun varð síðan á þriðja og fjórða ársfjórðungi. Þannig lækkuðu kröfur mældar samkvæmt OMXI3MNI og OMXI1YNI um 25 og 6 punkta yfir árið en kröfur OMXI5YNI og OMXI10YNI lækkuðu um 66 og 63 punkta. Kröfur verðtryggðra bréfa hækkuðu hins vegar nokkuð á árinu, OMXI5YI um 67 punkta




og OMXI10YI um 26 punkta. Á fyrsta ársfjórðungi 2015 hafa orðið nokkuð skarpar breytingar á ávöxtunarkröfum. Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra bréfa hefur hækkað en verðtryggðra lækkað.

Mynd 2: Þróun ávöxtunarkröfu óverðtryggðra skuldabréfavísitalna NASDAQ Iceland



Mynd 3: Þróun ávöxtunarkröfu verðtryggðra skuldabréfavísitalna NASDAQ Iceland




Heildarmarkaðsverðmæti skráðra skuldabréfa nam um 2.008 milljörðum króna í árslok 2014 samanborið við 1.892 milljarða í árslok 2013 og hafði því aukist um sem nemur 6,1%. Munar þar einna mest um skuldabréf útgefin af bönkum og sparisjóðum og skuldabréf fyrirtækja en samtals námu nettó útgáfur þessara aðila um 152 milljörðum króna. Markaðsverðmæti útgefinna skuldabréfa í árslok 2014 skiptist þannig að um það bil 76,6% voru gefin út af innlendum opinberum aðilum á meðan 23,4% voru gefin út af einkaaðilum og erlendum aðilum. Í árslok 2013 voru sambærileg hlutföll 90% og 10% og hefur hlutdeild útgefinna skuldabréfa opinberra aðila því lækkað um rúmlega 13% stig á árinu 2014.

### 2.3 Lífeyrissjóðir

Samkvæmt bráðabirgðatölum námu eignir lífeyrissjóðanna og annarra vörsluaðila lífeyrissparnaðar, í formi samtryggingar og séreignar, um 3.088 milljörðum króna í árslok 2014. Aukning frá fyrra ári nemur rúmlega 250 milljörðum króna, eða nærri 10%. Gera má ráð fyrir að um 200 milljarðar séu vegna góðrar ávöxtunar liðins árs og um 50 milljarðar vegna mismunar milli inngreiddra iðgjalda og útgreidds lífeyris. Á árinu voru starfandi 26 samtryggingasjóðir og 16 þeirra buðu einnig upp á séreignarsparnað. Aðrir vörsluaðilar séreignarsparnaðar voru 7 á liðnu ári. Lífeyrissjóðum hefur fækkað umtalsvert á liðnum árum og mun sú þróun væntanlega halda áfram vegna aukinna krafna um hagræðingu, gagnsæi og upplýsingagjöf.

Við árslok 2014 er áætlað að lífeyrissparnaður í formi samtryggingar og séreignar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu (VLF) hafi verið nálægt 155%. Þetta er, eins og áður, með hæstu hlutföllum í erlendum samanburði þegar borinn er saman lífeyrissparnaður á vegum lífeyrissjóða. Í þeim samanburði er ekki talinn með lífeyrissparnaður á vegum opinberra aðila, váttryggingafélaga og fjármálafyrirtækja. Í erlendum samanburði er einnig eftirtektarvert að eignir íslenskra lífeyrissjóða voru hærri en eignir banka og sparisjóða í árslok sem námu um 3.050 milljörðum króna. Af 3.088 milljarða eignum í lífeyrissjóðakerfinu er áætlað að 2.635 milljarðar séu í vörslu samtryggingadeilda lífeyrissjóða, 282 milljarðar hjá séreignardeildum þeirra og um 171 milljarðar hjá öðrum vörsluaðilum séreignarsparnaðar (Sjá mynd 1).


Mynd 1 Skipting eigna samtryggingar og séreignar.



Á mynd 2 er yfirlit yfir hreina raunávöxtun samtryggingardeilda lífeyrissjóðanna síðastliðin fjögur ára. Endanlegar tölur um ávöxtun fyrir árið 2014 liggja ekki fyrir en bráðabirgðatölur gefa vísbandingu um 7,3% hreina raunávöxtun. Ávöxtun hefur farið batnandi eftir erfið ár í kjölfar bankahrunsins. Þegar árangur lífeyrissjóðanna er metinn þarf að hafa í huga að þeir eru langtímafjárfestar og hafa langtímamarkmið eða viðmið um 3,5% árlega raunávöxtun. Árleg raunávöxtun sjóðanna horft til síðustu 20 ára var að meðaltali 3,9% sem er yfir áðurnefndu ávöxtunarviðmiði. Meðaltals raunávöxtun síðustu 10 og 5 ára var annarsvegar 2,3% og hinsvegar 5,0%. Á heildina litið benda bráðabirgðatölur til að allir eignaflokkar lífeyrissjóðanna hafi skilað jákvæðri ávöxtun. Vísitala erlendra hlutabréfa hækkaði umtalsvert á liðnu ári sem á stóran þátt í góðri ávöxtun samtryggingadeilda sjóðanna, enda voru erlendar eignir nærri ¼ af heildar eignum þeirra. Ávöxtun skráðra innlendra hlutabréfa og skuldabréfa var að sama skapi vel viðunandi. Lífeyrissjóðirnir eru sem fyrr mjög fyrirferðarmiklir á verðbréfamarkaði og er talið að þeir eigi a.m.k. 45% af öllum skráðum innlendum hlutabréfum og um 70% af öllum skráðum skuldabréfum. Skuldabréf eru um 50% af eignum lífeyrissjóðanna. Gjaldeyrishöft liðinna ára hafa þrengrt að fjárfestingarmöguleikum sjóðanna og dregið úr möguleikum þeirra til áhættudreifingar.


Góð ávöxtun síðustu ára mun eðlilega bæta tryggingafræðilega stöðu samtryggingadeilda lífeyrissjóðanna. Staða sjóða án ábyrgðar launagreiðenda mun væntanlega verða jákvæð og halli sjóða opinberra starfsmanna minnka. Hins vegar hefur meðalævi Íslendinga hækkað á undanförunum árum og er gert ráð fyrir að sú þróun haldi áfram sem mun leiða til verulegrar aukningar á skuldbindingum lífeyrissjóðanna. Flestar nágrannabjóðir okkar hafa nú þegar gert ráð fyrir framtíðaraukningu á meðalævi við útreikninga á skuldbindingum lífeyrissjóða. Það er því orðið tímabært að bregðast við þessari þróun um meðalævi við mat á tryggingafræðilegri stöðu íslenskra lífeyrissjóða. Nýlega hafa verið birtar niðurstöður um lífslíkur til framtíðar sem taka þarf mið af við tryggingafræðilega athugun fyrir árið 2015. Til að meta væntanleg áhrif nýrra lífslíkna hefur Fjármálaeftirlitið beint þeim tilmælum til stjórnenda lífeyrissjóðanna að framkvæma sérstakt mat á skuldbindingum lífeyrissjóðanna fyrir árið 2014.

Mynd 2 Hrein raunávöxtun samtryggingadeilda



Á liðnu ári lauk umfangsmiklu verkefni sem laut að rannsókn sem bar heitið „nægjanleiki lífeyris“. Meðal helstu markmiða verkefnisins var að meta væntanlegan ellilífeyri virkra sjóðafélaga, sem hlutfall af launum (lífeyrshlutfall), eftir aldurshópum frá 35 ára aldri og fram undir töku lífeyris. Einnig var lagt mat á mikilvægi lífeyrissjóða við öflun lífeyrisréttinda í framtíðinni. Verkefnið var undirbúið og unnið í samstarfi við efnahags- og framfarastofnunina OECD. Fjármálaeftirlitið var ábyrgðaraðili verkefnisins og fékk styrk til þess hjá Evrópusambandinu. Landssamtök lífeyrissjóða tóku að sér framkvæmd verkefnisins undir verkstjórn Fjármálaeftirlitsins og forskrift OECD. Aflað var umtalsverðra gagna um réttindi sjóðfélaga í góðu samstarfi við nærri alla lífeyrissjóði og vörsluaðila séreignarsparnaðar, í fullu samráði við Persónuvernd. Forskrift OECD tekur mið af því að auðvelda samanburð milli landa um nægjanleika lífeyris við mat á framtíðar ellilífeyri frá almannatryggingum, samtryggingu og séreign lífeyrissjóða. Rannsóknin skilaði fjölþættum niðurstöðum, meðal annars að framtíðar lífeyrshlutfall er sambærilegt við önnur lönd sem tekið hafa þátt í álíka rannsókn. Rannsóknin staðfesti einnig þá sérstöðu Íslands hversu stórt hlutverk lífeyrissjóða er við öflun lífeyristekna. Á mynd 3 er áberandi hversu hlutur almannatrygginga hér á landi er lítill, samanborið við önnur lönd, þegar lagt er mat á framtíðar ellilífeyristekjur.

Mynd 3 Áætluð framtíðar skipting ellilífeyristekna eftir löndum



Niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna bæði styrkleika og veikleika í íslenska lífeyriskerfinu sem geta nýst sem innlegg í skynsamlega og uppbyggilega umræðu um lífeyrismál framtíðarinnar. Skýrslan er aðgengileg á vefsíðum Fjármálaeftirlitsins og Landssamtaka lífeyrissjóða.

#### 2.4 Verðbréfasjóðir

Rekstrarfélög verðbréfasjóða eru fjármálafyrirtæki sem fengið hafa starfsleyfi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki og reka sjóði um sameiginlega fjárfestingu samkvæmt lögum um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingarsjóði. Verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir skulu hljóta staðfestingu Fjármálaeftirlitsins og gerðar eru ríkar kröfur til skipulags þeirra, starfsemi og stjórnunar en fagfjárfestingarsjóðir eru samkvæmt gildandi löggjöf eingöngu tilkynningarskyldir til stofnunarinnar og lúta takmörkuðu eftirliti sem lýtur aðallega að upplýsingagjöf.

Rekstrarfélög verðbréfasjóða undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins voru tíu talsins í lok árs 2014.




Meginstarfsemi rekstrarfélaga verðbréfasjóða felst í að reka verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.

Verðbréfasjóðum fækkaði um fjóra á árinu og voru starfræktir alls 53 verðbréfasjóðir og sjóðsdeildir á árinu. Fjárfestingarsjóðum fjölgaði um fjóra á árinu og voru starfræktir alls 48 fjárfestingarsjóðir og sjóðsdeildir á árinu. Í lok árs 2014 námu heildareignir verðbréfa- og fjárfestingarsjóða 365 milljörðum króna. Þar af námu eignir verðbréfasjóða rúmum 200 milljörðum króna og eignir fjárfestingarsjóða rúmum 165 milljörðum króna.

Eignir verðbréfa- og fjárfestingarsjóða jukust um tæpa 10 milljarða króna á árinu og er það töluvert minni hækkun en á síðustu árum. Eignir verðbréfasjóðanna lækkuðu á árinu um 37 milljarða eða um tæp 16% og var það annað árið í röð sem eignir þeirra lækka eftir að hafa vaxið mikið frá árinu 2008. Eignir fjárfestingarsjóða jukust hins vegar um 47 milljarða á árinu eða um 40%.

Fagfjárfestasjóðum undir eftirliti fjölgaði um fjóra á árinu og voru starfræktir alls 74 fagfjárfestasjóðir í rekstri 13 aðila á árinu. Heildareignir þeirra námu 308 milljörðum króna en hrein eign var 136 milljarðar króna. Litlar breytingar urðu á eignum sjóðanna á milli ára, aukning í heildareignum nam tveimur milljörðum króna en lækkan var á hreinni eign upp á tæpa fimm milljarða króna. Fagfjárfestasjóðir eru sjóðir sem eingöngu standa fagfjárfestum til boða. Engar hömlur eru settar á fjárfestingar fagfjárfestasjóða líkt og settar eru á fjárfestingar verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða. Þá eru engar takmarkanir setta á lántökur fagfjárfestasjóða líkt og settar eru á lántökur verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða. Þá njóta fagfjárfestar minni fjárfestaverndar en almennir fjárfestar.

Mynd Þróun eigna verðbréfa-, fjárfestinga- og fagfjárfestasjóða




### Eignasamsetning verðbréfa- og fjárfestingarsjóða

Fjárfestingarsjóðir hafa rýmri heimildir til fjárfestinga en verðbréfasjóðir, bæði í einstökum útgefendum, eignaflokkum, hlutföllum í skráðum og óskráðum fjármálagerningum og hafa jafnframt heimild til lántöku. Þeir eru því áhættusamari í eðli sínu.

Eignasamsetning verðbréfasjóða er mjög frábrugðin eignasamsetningu fjárfestingarsjóða en yfir 90% af eignum verðbréfasjóðanna eru bundnar í bréfum útgefnum af eða með ábyrgð ríkis og í innlánum. Eignir fjárfestingarsjóða eru hins vegar töluvert dreifðari. Um 40% eru í hlutabréfum, tæp 30% í innlánum og reiðufé, 10% í bréfum útgefnum af eða með ábyrgð ríkis og um 15% eignir í öðrum sjóðum.

Eignir fagfjárfestasjóða eru einkum í hlutabréfum, fasteignaveðtryggðum skuldabréfum, öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu og lánasamningum.

Mynd Eignasamsetning verðbréfa- og fjárfestingarsjóða m.v.31.12.2014



### 2.5 Vátryggingamarkaður

Í árslok 2014 höfðu 12 vátryggingafélög starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu, þar af fjögur félög á skaðatryggingamarkaði og fimm félög á líftryggingamarkaði. Að auki eru Íslensk endurtrygging hf. og Trygging hf. endurtryggingafélög sem eingöngu gera upp eldri skuldbindingar. Þá má loks nefna Viðlagatryggingu Íslands sem starfar samkvæmt sérlögum. Öll líftryggingafélögin eru dótturfélög skaðatryggingafélaga, nema Okkar líftryggingar hf. sem er dótturfélag Arion banka hf.

Í apríl 2014 voru hlutabréf í Sjóvá-Almennum tryggingum hf. tekin til viðskipta á aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland. Tryggingamiðstöðin hf. og Vátryggingafélag Íslands voru skráð á markað á vormánuðum árið 2013 og eru því þrjú stærstu vátryggingafélögin skráð í kauphöll. Við skráningu félaganna á markað hefur eignarhald þeirra orðið dreifðara. Stærstu hluthafar framangreindra

félaga eru lífeyrissjóðir, fjárfestingarsjóðir og fjárfestingafélög.


Eins og getið var í síðustu ársskýrslu var starfsleyfi skaðatryggingafélagsins European Risk Insurance Company hf. (ERIC) afturkallað í upphafi ársins 2014, þar sem félagið uppfyllti ekki kröfur laga um lágmarksgjaldþol. Félagið hafði enga starfsemi á árinu 2014 hér á landi, en starfsemi félagsins var einkum fólgin í sölu ábyrgðartrygginga í Bretlandi. Félagið kemur því ekki fyrir í samtölum fyrir árið 2014 í umfjölluninni hér á eftir. Nú er unnið að uppgjöri þrotabús félagsins í samstarfi við bresk yfirvöld.

Fyrirhuguð gildistaka Solvency II tilskipunar ESB í upphafi næsta árs hefur æ meiri áhrif á starfsemi váttryggingafélaga. Tilskipunin kveður á um fjögur lykilstarfssvið, þ.e. áhættustýringu, innri endurskoðun, regluvörslu, sem felur m.a. í sér innra eftirlit, og stöðu tryggingastærðfræðings. Fjármálaeftirlitið hefur mælt til þess að þessi starfssvið verði mönnuð í ár (2015) og er undirbúningur að því þegar hafinn hjá félögunum.

Um mitt ár 2014 framkvæmdi Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitið (EIOPA) álagspróf á öllum váttryggingafélögum á Evrópska efnahagssvæðinu. Á hverjum markaði voru valin stærstu líf- og skaðatryggingafélög, félög með samtals yfir 50% markaðshlutdeild á hvorum markaði fyrir sig. Markmiðið með álagsprófinu var að meta almennt álagsþol váttryggingageirans og greina helstu veikleika hans, að teknu tilliti til Solvency II tilskipunarinnar. Heildarniðurstöður prófsins voru þær að váttryggingamarkaðurinn í Evrópu stendur almennt nokkuð vel með hliðsjón af væntanlegum Solvency II reglum.


Samanlagðar eignir allra váttryggingafélaga hér á landi í lok árs 2014 námu um 165 milljörðum króna og hækkuðu um tæpa 5 milljarða króna frá fyrra ári. Mynd 1 sýnir þróun í eignum og eignasamsetningu váttryggingafélaga á árunum 2011-2014. Ekki hafa orðið umtalsverðar breytingar á eignasöfnum váttryggingafélaga, en eins og við var að búast hafa hlutabréf orðið stærri hluti af eignasafni þeirra. Nær helmingur eigna váttryggingafélaga samanstendur af skuldabréfum.

Mynd 1 Eignir og eignasamsetning váttryggingafélaga 2011-2014



Á mynd 2 má sjá samsetningu skuldahliðar efnahagsreiknings skaða- og líftryggingafélaga fyrir sama tímabil. Eiginfjárstaðan hefur batnað jafnt og þétt á meðan váttryggingaskuldin hefur staðið nokkurn veginn í stað en virði hennar lækkað miðað við fast verðlag.

Mynd 2 Skuldir og eigið fé váttryggingafélaga 2011-2014




**Rekstur skaðatryggingafélaga**

Afkoma skaðatryggingafélaganna var lakari á árinu 2014 en árið á undan, annað árið í röð. Afkoman endurspeglar annarsvegar af váttryggingarekstri og hins vegar af ávöxtun af fjárfestingareignum. Afkoman af þessum tveimur meginstöðum var nokkuð misjöfn eftir félögum á árinu 2014, en árið var nokkuð tjónþungt og stórtjón höfðu neikvæð áhrif á váttryggingareksturinn. Afkoman er þó ásættanleg í sögulegu samhengi. Á mynd 3 sést þróun og sundurliðun hagnaðar á árunum 2011-2014.



Mynd 3 Þróun afkomu skaðatryggingafélaga 2011-14




Gjaldþolshlutfall þeirra fjögurra skaðatryggingafélaga sem nú starfa á almennum markaði, þ.e. hlutfall gjaldþols af lögbundnu lágmarksgjaldþoli, var á bilinu 329-461% í lok árs 2014, þannig að félögin standa traustum fótum. Í fyrra greiddu nokkur skaðatryggingafélög út arð í fyrsta skipti frá bankahruninu. Nettó arðgreiðsla (að frádrögnum arði frá dótturfélögum) nam samtals tæpum 3 milljörðum króna.

#### Rekstur líftryggingafélaga

Undanfarin ár hefur stöðugleiki einkennt rekstur líftryggingafélaga, eins og sjá má á mynd 4. Öfugt við skaðatryggingafélögin hefur hagnaður þeirra staðið í stað á milli ára. Hagnaður af líftryggingarekstri hefur aukist, meðan hagnaður af fjármálastarfsemi hefur dregist verulega saman.

Mynd 4 Þróun afkomu líftryggingafélaga 2011-2014



Gjaldþolshlutfall líftryggingafélaga í árslok 2014 var á bilinu 131-249%. Lággt gjaldþolshlutfall gefur þó ekki rétta mynd af áhættu félaganna. Vegna smæðar markaðsins ákvarðast lágmarksgjaldþol flestra þeirra af lágmarksfjárhæð sem samkvæmt tilskipun ESB um váttryggingamarkað er nú 3,7 milljónir evra eða 568 milljónir íslenskra króna.



### 3. Annáll ársins



### 3 Annáll ársins

#### 3.1 Helstu atburðir frá maí 2014 til aprílloka 2015

##### European Risk Insurance Company hf.

Fjármálaeftirlitið birti í maíbyrjun 2014 frétt um stöðu European Risk Insurance Company hf. (ERIC) eftir að hafa svipt það starfsleyfi 12. febrúar 2014 og skipað skilastjórn yfir félaginu. Þar sagði að skilastjórnin hefði unnið í samvinnu við breska tryggingainnistæðusjóðinn (Financial Services Compensation Scheme, FSCS) en félagið hefur greitt í sjóðinn vegna starfsemi sinnar í Bretlandi.

##### Tímabundin stöðvun viðskipta

Hinn 6. maí var sagt frá því á vef Fjármálaeftirlitsins að eftirlitið hefði ákveðið að stöðva tímabundið viðskipti með ETF-sjóðinn Landsbréf-LREAL sem rekinn er af Landsbréfum hf. í ljósi eignasamsetningar sjóðsins í dagslok 5. maí 2014 og stöðvunar viðskipta með skuldabréfaflokka Íbúðalánasjóðs. Einnig var sagt frá því að Fjármálaeftirlitið hefði ákveðið að stöðva tímabundið viðskipti með alla skuldabréfaflokka Íbúðalánasjóðs sem teknir hafa verið til viðskipta á aðalmarkaði Nasdaq OMX Iceland hf. Sagt var að ákvörðun Fjármálaeftirlitsins væri tekin til að vernda jafnræði fjárfesta. Daginn eftir var ákveðið að heimila þessi viðskipti aftur.

##### Fræðslufundur fyrir regluverði útgefenda á skipulegum verðbréfamarkaði

Fjármálaeftirlitið hélt vel sóttan fræðslufund fyrir regluverði útgefenda hinn 14. maí 2014. Kynntar voru breytingar sem framundan væru á löggjöf sem varðar verðbréfamarkaðinn, meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja sem og upplýsingaskyldu útgefenda.

##### Tilmæli um áhættustýringu og starfssvið tryggingastærðfræðings hjá váttryggingafélögum

Fjármálaeftirlitið gaf þann 23. maí 2014 út ný leiðbeinandi tilmæli um áhættustýringu og starfssvið tryggingastærðfræðings hjá váttryggingafélögum. Hluti tilmælanna var byggður á grunni leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2011 um áhættustýringu váttryggingafélaga.

##### Fjármálaeftirlitið veitir Öldu sjóðum hf. viðbótarstarfsheimildir.

Fjármálaeftirlitið endurútgaf starfsleyfi Öldu sjóða hf. þann 10. júní 2014 með tilliti til aukinna starfsheimilda, sem felast í eignastýringu, fjárfestingarráðgjöf og vörslu og stjórnun fjármálagerna í sameiginlegri fjárfestingu. Öldu sjóðir hf. höfðu þann 14. desember 2012 fengið starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfasjóða skv. 7. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

##### Fjármálaeftirlitið birtir ársreikninga og upplýsingar um afkomu váttryggingagreina hjá íslenskum váttryggingafélögum

Fjármálaeftirlitið birti hinn 12. júní 2014 ársreikninga og upplýsingar um afkomu váttryggingagreina hjá íslenskum váttryggingafélögum. Birtir voru rekstrar- og efnahagsreikningar, ásamt sjóðsstreymi. Í þeim tilvikum sem váttryggingafélag var hluti af samstæðu voru birtir móðurfélagsreikningar.

##### Fjármálaeftirlitið gefur út leiðbeinandi tilmæli um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

Fjármálaeftirlitið gaf hinn 11. júní 2014 út endurskoðuð leiðbeinandi tilmæli um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

##### Fjármálaeftirlitið fjallar um stöðu lífeyrissjóðanna 2013

Fjármálaeftirlitið birti hinn 24. júní 2014 yfirlit sitt yfir stöðu íslenskra lífeyrissjóða fyrir árið 2013. Þar kom meðal annars fram að lífeyriskerfið er öflugt og heldur áfram að stækka í efnahagslegu tilliti.

##### Fjármálaeftirlitið veitir Orkuveitu Reykjavíkur innheimtuleyfi

Fjármálaeftirlitið veitti Orkuveitu Reykjavíkur þann 24. júní 2014 innheimtuleyfi samkvæmt innheimtulögum nr. 95/2008.

##### Fjármálaeftirlitið samþykkir yfirfærslu rekstrarhluta

Fjármálaeftirlitið samþykkti þann 27. júní 2014 yfirfærslu tiltekins rekstrarhluta MP banka hf. til Lýsingar hf. samkvæmt 106. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

##### Fjármálaeftirlitið samþykkir samruna Sparisjóðs Bolungarvíkur við Sparisjóð Norðurlands ses.

Fjármálaeftirlitið samþykkti þann 30. júní 2014 samruna Sparisjóðs Bolungarvíkur við Sparisjóð Norðurlands ses. á grundvelli 1. mgr. 106. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Sparisjóður Norðurlands ses. tók við öllum réttindum og skyldum Sparisjóðs Bolungarvíkur og voru sjóðirnir sameinaðir undir nafni Sparisjóðs Norðurlands ses.

##### Tæknistaðall CRD IV um gagnaskil birtur í evrópsku stjórnartíðindunum

Í byrjun júlí 2014 var sagt frá því á vef Fjármálaeftirlitsins að einn af viðamestu tæknistöðlum sem fylgja CRD IV löggjöfinni hefði verið birtur í evrópsku stjórnartíðindunum sem framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 680/2014. Tæknistaðallinn væri því formlega orðinn hluti af löggjöf Evrópusambandsins.

##### Fjármálaeftirlitið veitir Straumssjóðum starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfasjóða

Fjármálaeftirlitið veitti Straumssjóðum hf. í lok júlímánaðar 2014 starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfasjóða.

##### Engir ágallar á málsmeðferð Fjármálaeftirlitsins

Á það var bent í frétt 7. ágúst 2014 á vef Fjármálaeftirlitsins að Umboðsmaður Alþingis hefði lokið athugun máls vegna ákvörðunar stjórnar Fjármálaeftirlitsins þann 11. september 2013 um að sekta nokkra einstaklinga vegna brota gegn 1. mgr. 45. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.). Eftir að hafa kynnt sér gögn málsins og skýringar Fjármálaeftirlitsins taldi umboðsmaður Alþingis ekki ástæðu til að taka málið til frekari skoðunar og tilkynnti Fjármálaeftirlitinu um lok þess.

##### Fjármálaeftirlitið gefur út nýjar reglur

Sagt var frá því 11. ágúst 2014 að Fjármálaeftirlitið hefði gefið út reglur um yfirfærða útlánaáhættu vegna verðbréfunar og reglur um breytingu á reglum nr. 215/2007, um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálafyrirtækja, með síðari breytingum. Þá hefðu enn fremur verið gefnar út reglur um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt.

##### AGS gerir úttekt á fylgni Fjármálaeftirlitsins við kjarnareglur um skilvirkt bankaefirlit (BCP)

Sagt var frá því í byrjun september 2014 að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) hefði birt á heimasíðu sinni niðurstöður úttektar sjóðsins, sem fram fór á fyrri hluta ársins, á fylgni (e. compliance) Fjármálaeftirlitsins við 29 kjarnareglur um skilvirkt bankaefirlit (e. Basel Core Principle on Effective Banking Supervision). Niðurstaða AGS fól í sér að öllum lágmarksviðmiðum var mætt (e. compliant) varðandi sjö þeirra og níu voru uppfylltar að verulegu leyti (e. largely compliant). Þrettán voru ekki uppfylltar að verulegu leyti (e. materially non-compliant).

##### Heildarniðurstöður ársreikninga fjármálafyrirtækja o.fl. 2013

Fjármálaeftirlitið birti hinn 10. september 2014 skýrslu með heildarniðurstöðum ársreikninga ársins 2013 hjá fjármálafyrirtækjum, þ.e. viðskiptabönkum, sparissjóðum, lánaefyrirtækjum (einu nafni lánastofnanir), verðbréfafyrirtækjum, verðbréfamíðlum, rekstrarfélögum verðbréfasjóða, ásamt

upplýsingum um heildareignir verðbréfa- og fjárfestingarsjóða í rekstri einstakra rekstrarfélaga verðbréfasjóða og heildareignir fagfjárfestingsjóða í rekstri rekstrarfélaga og annarra rekstraraðila. Jafnframt voru nánar tiltekna upplýsingar um greiðslustofnanir og innlánsdeildir samvinnufélaga.

#### **Samráð vegna val- og heimildarákvæða CRD IV**

Sagt var frá því 11. september 2014 að Fjármálaeftirlitið hefði sent fjármála fyrirtækjum dreifibréf þar sem vísað væri til fyrri samskipta vegna innleiðingar á CRD IV löggjöfinni, tilskípun 2013/36/ESB og reglugerð (ESB) nr. 575/2013, en löggjöfin mun koma Basel III staðlinum á fót með samræmdum hætti innan Evrópska efnahagssvæðisins.

#### **Fjármálaeftirlitið hlýtur Samgönguviðurkenningu Reykjavíkurborgar 2014**

Hinn 22. september 2014 var sagt frá því að Fjármálaeftirlitið hefði hlotið Samgönguviðurkenningu í hópi lítilla vinnustaða. Landspítalinn fékk Samgönguviðurkenningu í hópi stórra vinnustaða.

#### **Tilmæli til eftirlitsskyldra aðila vegna sýndarfjár**

Í lok september 2014 var birt frétt á vef Fjármálaeftirlitsins þar sem fram kom að Fjármálaeftirlitið hefði í lok ágúst sent eftirlitsskyldum aðilum tilmæli þar sem vakin var athygli á skýrslu evrópska bankaeftirlitsins (EBA) um viðbrögð við sýndarfé (e. EBA Opinion on “virtual currencies”) og því beint til eftirlitsskyldra aðila að forðast þær áhættur sem viðskiptum með sýndarfé fylgja.

#### **Lýsing hf. verður við kröfum Fjármálaeftirlitsins um upplýsingagjöf til viðskiptavina**

Þann 20. ágúst 2014 tók stjórn Fjármálaeftirlitsins ákvörðun um að dagsektir skyldu lagðar á Lýsingu að fjárhæð 200 þúsund krónur á dag og skyldu þær leggjast á félagið átta dögum frá birtingu ákvörðunarinnar ef ekki yrði orðið við kröfum Fjármálaeftirlitsins samkvæmt ákvörðun þess frá 11. september 2013.

#### **Fjármálaeftirlitið vekur athygli á löggjöf um birtingu opinberrar fjárfestingarráðgjafar**

Fjármálaeftirlitið vakti hinn 1. október 2014 að gefnu tilefni athygli á gildandi löggjöf um opinbera fjárfestingarráðgjöf og benti á að í 12. tölulið 1. mgr. 2. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.) væri að finna skilgreiningu á opinberri fjárfestingarráðgjöf.

#### **Skilar starfsleyfi váttryggingamiðlara**

Sagt var frá því í byrjun október 2014 að Sigþór Hákonarson, sem hafði starfsleyfi váttryggingamiðlara, sbr. ákvæði laga nr. 32/2005 um miðlun váttrygginga, hefði skilað inn starfsleyfi sínu skv. 36. gr. fyrrgreindra laga.

#### **Allra-ráðgjöf ehf.**

Sagt var frá því 3. október 2014 að Allra-ráðgjöf ehf., sem hafði starfsleyfi váttryggingamiðlara, sbr. ákvæði laga nr. 32/2005 um miðlun váttrygginga, hefði skilað inn starfsleyfi sínu skv. 36. gr. fyrrgreindra laga.

#### **Fyrsti fundur kerfisáhættunefndar**

Sagt var frá því í byrjun október 2014 að fyrsti fundur nýstofnaðrar kerfisáhættunefndar hefði verið haldinn 2. október. Nefndin starfar fyrir fjármálastöðugleikaráð og gerir tillögur til ráðsins. Verkefni nefndarinnar er að leggja mat á ástand og horfur í fjármálakerfinu, kerfisáhættu og fjármálastöðugleika hér á landi.

#### **Samkomulag vegna innleiðingar reglugerða um evrópskar eftirlitsstofnanir á fjármálamarkaði**

Sagt var frá því 14. október 2014 að Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra hefði

sótt fund fjármálaráðherra aðildarríkja EFTA og ESB í Lúxemborg þann dag. Á fundinum náðist samkomulag milli aðila um meginatriði við innleiðingu þriggja reglugerða um evrópskar eftirlitsstofnanir á fjármálamarkaði.

#### **Fjármálaeftirlitið metur Ingimund hf. og Ármann Ármannsson hæfa til að fara með virkan eignarhlut í Straumi fjárfestingabanka hf.**

Fjármálaeftirlitið komst að þeirri niðurstöðu um miðjan október 2014 að Ingimundur hf. og Ármann Ármannsson væru hæfir til að fara með virkan eignarhlut í Straumi fjárfestingabanka hf. sem nemur 20%. Ingimundur hf. færi með eignarhlutinn með beinni hlutdeild en Ármann Ármannsson með óbeinni hlutdeild.

#### **Fjármálaeftirlitið metur Vörðu Capital ehf. og tengda aðila hæfa til að fara með virkan eignarhlut í Straumi fjárfestingabanka hf.**

Fimmtánda október sagði frá því að Fjármálaeftirlitið hefði komist að þeirri niðurstöðu að Varða Capital ehf., 2G ehf., Steinhafen Holding ehf., Grímur Alfreð Garðarsson, Jónas Hagan Guðmundsson og Edward Mac Gillivray Schmidt, væru hæf til að fara með virkan eignarhlut í Straumi fjárfestingabanka hf. sem næmi 20%.

#### **Fjármálaeftirlitið metur Siglu ehf., Snæból ehf., Gana ehf., Finn Reyr Stefánsson og Tómas Kristjánsson hæf til að fara með virkan eignarhlut í Straumi fjárfestingabanka hf.**

Hinn 15. október 2014 sagði í frétt á vef Fjármálaeftirlitsins að það hefði komist að þeirri niðurstöðu að Sigla ehf., Snæból ehf., Gani ehf., Finnur Reyr Stefánsson og Tómas Kristjánsson, væru hæf til að fara með virkan eignarhlut í Straumi fjárfestingabanka hf. sem næmi 20%.

#### **Fjármálaeftirlitið metur Eignarhaldsfélagið Mata hf. hæft til að fara með virkan eignarhlut í Straumi fjárfestingabanka hf.**

Sagt var frá því um miðjan október 2014 að Fjármálaeftirlitið hefði komist að þeirri niðurstöðu að Eignarhaldsfélagið Mata hf. væri hæft til að fara með virkan eignarhlut í Straumi fjárfestingabanka hf. sem næmi 20%.

#### **Fjármálaeftirlitið metur Lífeyrissjóðinn Festu hæfan til að fara með aukinn virkan eignarhlut í Jöklum-Verðbréfum hf.**

Fjármálaeftirlitið sagði frá því um miðjan október 2014 að það hefði komist að þeirri niðurstöðu að Festa lífeyrissjóður væri hæfur til að fara með aukinn virkan eignarhlut í Jöklum - Verðbréfum hf., sem næmi 50%.

#### **Fjármálaeftirlitið metur Lífeyrissjóð Vestmannaeyja hæfan til að fara með aukinn virkan eignarhlut í Jöklum-Verðbréfum hf.**

Fjármálaeftirlitið sagði frá því um miðjan október að stofnunin hefði komist að þeirri niðurstöðu að Lífeyrissjóður Vestmannaeyja væri hæfur til að fara með aukinn virkan eignarhlut í Jöklum - Verðbréfum hf., sem næmi 50%.

#### **Tilkynning um afturköllun starfsleyfis LBI hf. að fullu**

Fjármálaeftirlitið sagði frá því 22. október 2014 að það hefði afturkallað starfsleyfi LBI hf. (LBI) að fullu á grundvelli heimildar í 6. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga 161/2002 um fjármála fyrirtæki (fftl.). Áður hafði Fjármálaeftirlitið afturkallað starfsleyfi LBI hf. að hluta með bréfi, dags. 15. september 2011 á grundvelli sömu heimildar.



### **Fjármálaeftirlitið metur SVN eignafélag ehf. hæft til að fara með virkan eignarhlut í Sjóvá- Almennum tryggingum hf.**

Fjármálaeftirlitið sagði frá því í seinni hluta október 2014 að það hefði hinn 18. júlí 2014 komist að þeirri niðurstöðu að SVN eignafélag ehf., kt. 630800-2770, væri hæft til að fara með virkan eignarhlut í Sjóvá-Almennum tryggingum hf. sem næmi 20%.

### **Starfsheimildir fjármálfyrirtækja aðgengilegar á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins**

Hinn 12. nóvember 2014 gerði Fjármálaeftirlitið starfsheimildir fjármálfyrirtækja aðgengilegar á heimasíðu stofnunarinnar, en þær má finna í skjali undir liðnum „Eftirlitsstarfsemi“ og þar undir „Starfsleyfi“.

### **Fjármálaeftirlitið metur Straum fjárfestingabanka hf. hæfan til að fara með virkan eignarhlut í Íslenskum verðbréfum hf.**

Fjármálaeftirlitið birti frétt 17. nóvember 2014 þar sem sagt var frá því að eftirlitið hefði komist að þeirri niðurstöðu að Straumur fjárfestingabanki hf. væri hæfur til að fara með virkan eignarhlut í Íslenskum verðbréfum hf. sem næmi 25%, sbr. VI. kafla laga nr. 161/2002. Straumur fjárfestingabanki hf., eignaðist 100% eignarhlut í félaginu Gunner ehf., sem fer með 64,3% eignarhlut í félaginu Íslenskri eignastýringu ehf., sem fer með 21,83% eignarhlut í Íslenskum verðbréfum hf. Straumur fjárfestingabanki hf. var því virkur eigandi í Íslenskum verðbréfum með óbeinum hætti.

### **Ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins birt**

Birt var sameiginleg fréttatilkynning frá fjármála- og efnahagsráðuneyti, Fjármálaeftirlitinu og Seðlabanka Íslands hinn 24. nóvember 2014 vegna ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins vegna dómsmáls sem rekið er fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur gegn Landsbankanum hf. Í tilkynningunni sagði: „Í málinu reynir á hvort bankinn hafi í tíð eldri laga um neytendalán, nr. 121/1994, veitt fullnægjandi upplýsingar við gerð samnings um neytendalán sem bundinn er vísitölu neysliverðs. Löggin voru til innleiðingar á ákvæðum tilskipunar 87/102/EBE um neytendalán í íslenskan rétt (neytendalánatilskipunin).“

EFTA-dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að það væri ekki samrýmanlegt tilskipuninni að miða útreikning við 0% verðbólgu ef þekkt verðbólgustig á lántökudegi væri ekki 0%.

Bent var á í fréttatilkynningunni að álit EFTA-dómstólsins væri ráðgefandi og að það væri íslenskra dómstóla að ákvarða á grundvelli íslenskra laga hvaða áhrif álitinu myndi hafa við úrlausn réttarágreinings um verðtryggingu.

### **Niðurstöður álagsprófs á evrópsk váttryggingafélög**

Fyrsta desember 2014 var sagt frá því á vef Fjármálaeftirlitsins að Evrópska eftirlitsstofnunin á lífeyris- og váttryggingamarkaði (EIOPA) hefði birt niðurstöðu álagsprófs á váttryggingafélög á Evrópska efnahagssvæðinu. Allar starfandi samstæður íslenskra váttryggingafélaga tóku þátt í svokölluðu kjarnaálagsprófi (e. core module) en auk þess prófaði EIOPA sérstaklega áhrif lágvaxtaumhverfis í þeim ríkjum þar sem slíkt átti við.

### **Fjármálaeftirlitið hefur metið Íslenska eignastýringu hf., Gunner ehf. og Straum fjárfestingabanka hf. hæft til að fara með virkan eignarhlut í Íslenskum verðbréfum hf.**

Hinn 4. desember 2014 var sagt frá því á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins að eftirlitið hefði hinn 24. nóvember komist að þeirri niðurstöðu að félögin Íslensk eignastýring hf., Gunner ehf. og Straumur fjárfestingabanki hf. væru hæft til að fara með virkan eignarhlut í Íslenskum verðbréfum hf. sem næmi 33%.

### **Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands endurnýja samstarfssamning sinn**

Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands endurnýjuðu samstarfssamning sinn og var hann undirritaður hinn 1. desember 2014. Við sama tækifæri var einnig undirritað samkomulag Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins um framkvæmd lausafjáreftilits með lánastofnunum.

### **Árétting til neytenda á váttryggingamarkaði um mikilvægi upplýstrar ákvörðunar við breytingu á líf- og/eða sjúkdómatryggingum**

Fjármálaeftirlitið birti stutta frétt í byrjun desember 2014 þar sem sagði að athygli Fjármálaeftirlitsins hefði verið vakin á því að viðskiptavinir váttryggingafélaga (váttryggingatakar) í tilviki líf- og sjúkdómatrygginga hefðu á undanförunum mánuðum í nokkrum mæli fært sig á milli váttryggingafélaga. Tekið var fram að við slíkar aðstæður væri rétt að undirstrika mikilvægi upplýstrar ákvörðunar við töku váttrygginga.

### **Fjármálaeftirlitið (FME) birtir upplýsingar um iðgjöld og samanlagða markaðshlutdeild erlendra váttryggingafélaga á Íslandi 2008 - 2012**

FME birti hinn 10. desember 2014 tölulegar upplýsingar um starfsemi erlendra váttryggingafélaga á Íslandi árin 2008-2012. Félög þessi hafa höfuðstöðvar sínar á Evrópska efnahagssvæðinu og hafa heimild til starfsemi á Íslandi á grundvelli IX. kafla laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi. Voru upplýsingarnar byggðar á gögnum sem fjármála- og/eða váttryggingaeftirlit í viðkomandi ríkjum sendu Fjármálaeftirlitinu.

### **Upplýsingafundur með eftirlitsskyldum aðilum vegna framgangs innleiðingar CRD IV og tengdra gagnaskila**

Fjármálaeftirlitið stóð hinn 10. desember 2014 fyrir kynningu fyrir eftirlitsskylda aðila á fjármálamarkaði sem skila þurfa gögnum á grundvelli CRD IV og afleiddra tæknistaðla.

### **Fjármálaeftirlitið metur Íslenska eignastýringu hf., Pivot ehf. (áður Gunner ehf.) og Straum fjárfestingabanka hf. hæft til að fara með aukinn virkan eignarhlut í Íslenskum verðbréfum hf.**

Fjármálaeftirlitið sagði í ársbyrjun frá því að stofnunin hefði hinn 19. desember 2014 komist að þeirri niðurstöðu að félögin Íslensk eignastýring hf., Pivot ehf. og Straumur fjárfestingabanki hf. væru hæft til að fara með aukinn virkan eignarhlut í Íslenskum verðbréfum hf. sem næmi 100%, sbr. VI. kafla laga nr. 161/2002.

### **Fjármálaeftirlitið metur Eignarhaldsfélagið Borgun slf. hæft til að fara með virkan eignarhlut í Borgun hf.**

Í ársbyrjun 2015 sagði Fjármálaeftirlitið frá því að hinn 22. desember 2014 hefði stofnunin komist að þeirri niðurstöðu að Eignarhaldsfélagið Borgun slf. væri hæft til að fara með virkan eignarhlut í Borgun hf., sem næmi 25%. Fram kom að Eignarhaldsfélagið Borgun slf. hefði áður átt 24,96% eignarhlut í Borgun hf.

### **Fjármála- og efnahagsráðherra skipar nýja stjórn Fjármálaeftirlitsins**

Í ársbyrjun 2015 var sagt frá því á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins að Fjármála- og efnahagsráðherra hefði skipað nýja stjórn Fjármálaeftirlitsins, en skipunartími fyrri stjórnar hafði runnið út um áramót. Ásta Þórarinsdóttir er nýr formaður stjórnar Fjármálaeftirlitsins. Auk formanns tóku eftirtaldir aðal- og varamenn sæti í stjórn: Tómas Brynjólfsson, aðalmaður (varaformaður), Arnór Sighvatsson, aðalmaður, Friðrik Ársælsson, varamaður, Ástríður Jóhannesdóttir, varamaður og Harpa Jónsdóttir, varamaður.

### Fjármálaeftirlitið gefur út tvenn leiðbeinandi tilmæli

Hinn 8. janúar 2015 gaf Fjármálaeftirlitið út tvenn ný leiðbeinandi tilmæli, annars vegar um útvistun hjá eftirlitsskyldum aðilum og hins vegar um innri endurskoðun váttryggingafélaga.

### EBA gefur út leiðbeinandi tilmæli um könnunar- og matsferli eftirlitsstofnana

Um miðjan janúarmánuð 2015 var sagt frá því á vef Fjármálaeftirlitsins að EBA, Evrópska eftirlitsstofnunin á bankamarkaði, hefði gefið út leiðbeinandi tilmæli um könnunar- og matsferlið (e. SREP), en það er viðvarandi ferli varðandi alla eftirlitsspætti sem snúa að eftirlitsskyldum aðila og er ætlað að gefa heildarmynd af honum.

### Upplýsingar um aðila sem hefur ekki leyfi til miðlunar váttrygginga

Hinn 26. janúar 2015 var sagt frá því á vef Fjármálaeftirlitsins að stofnuninni hefði borist upplýsingar um að Váttryggingaráðgjöf Stefáns Gissurarsonar ehf. byði neytendum þjónustu sem félli undir miðlun váttrygginga, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 32/2005 um miðlun váttrygginga. Í fréttinni sagði: „Með vísan til framangreinds og 2. mgr. 59. gr. laga nr. 32/2005 um miðlun váttrygginga vill Fjármálaeftirlitið koma því á framfæri að nefndur aðili hefur ekki leyfi til miðlunar váttrygginga og er því ekki undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins.“

### Ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins um ráðstöfun eigna og skulda viðskiptabanka í kjölfar fjármálaáfallsins 2008

Fjármálaeftirlitið birti í janúarlok 2015 samantekt varðandi ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um ráðstöfun eigna og skulda viðskiptabanka í kjölfar fjármálaáfallsins 2008. Var það gert vegna opinberrar umræðu dagana á undan. Í samantektinni var farið yfir efnisþætti varðandi hlutverk og ákvarðanir stjórnar FME um ráðstöfun eigna og skulda viðskiptabankanna þriggja sem féllu haustið 2008.

### Athugasemd gerð við fyrirsögn fréttar á mbl.is

Hinn annan febrúar 2015 var birt frétt á vef Fjármálaeftirlitsins þar sem gerð var athugasemd við frétt á vef Morgunblaðsins með fyrirsögninni: Skoða leka úr Fjármálaeftirlitinu. Bent var á að af fyrirsögn mætti ráða að gögn með upplýsingum sem varða bankaleynd hefðu borist frá Fjármálaeftirlitinu. Bent var á að Fjármálaeftirlitið hefði í yfirlýsingum sínum og svörum til fjölmiðla tekið skýrt fram að ekkert benti til þess að gögn hefðu lekið frá Fjármálaeftirlitinu. Að mati Fjármálaeftirlitsins væri ekkert í meginmáli fréttar mbl.is sem styddi fyrirsögn hennar.

### Íslenska lífeyriskerfið uppfyllir meginkröfur OECD

Hinn 4. febrúar 2015 var sagt frá því að Fjármálaeftirlitið og Landssamtök lífeyrissjóða hefðu kynnt nýja rannsókn á nægjanleika lífeyrissparnaðar. Rannsóknin var hluti fjölþjóðlegs verkefnis með samræmdri aðferðafræði um nægjanleika lífeyris í ríkjum OECD. Ein af meginmálum rannsóknarinnar var að íslenska lífeyriskerfið uppfyllti meginkröfur OECD.

### Skýrsla um útfærslu á EMIR reglugerðinni

Hinn 2. mars 2015 var sagt frá því á vef Fjármálaeftirlitsins að Framkvæmastjórn ESB hefði gefið út skýrslu til Ráðsins og Evrópuþingsins á grundvelli 2. mgr. 85. gr. reglugerðar nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (European Market Infrastructure Regulation, EMIR reglugerðin). Miðlægur mótaðili er lögaðili sem gengur á milli mótaðila að samningum og gerist þar með kaupandi gagnvart hverjum seljanda og seljandi gagnvart hverjum kaupanda. Skýrslan fjallaði um mat á árangri og viðleitni miðlægra mótaðila við þróun tæknilegra lausna fyrir yfirfærslu lífeyriskerfa á öðrum tryggingum en reiðufé vegna viðbótartryggingarkrafna og þörf á ráðstöfunum til að auðvelda slíkar lausnir.

### Tímabundin starfsemi lánastofnana

Hinn þriðja mars 2015 birti Fjármálaeftirlitið samantekt með upplýsingum um eignarhluta viðskiptabanka, sparisjóða og lánaþyrirtækja í fyrirtækjum sem þau hafa eignast tímabundið með yfirtöku og teljast til annarrar starfsemi fjármálaþyrirtækja

### Líftryggingamiðstöðinni hf. veitt leyfi fyrir nýjum greinarflokki váttrygginga

Sagt var frá því að Fjármálaeftirlitið hefði þann 9. janúar 2015 samþykkt beiðni Líftryggingamiðstöðvarinnar um leyfi fyrir nýjum greinarflokki váttrygginga og var starfsleyfi félagsins endurútfært með tilliti til þess.

### Drög að nýrri tilskipun um baráttu gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka (AMLD)

Sagt var frá því 10 mars 2015 að nefnd fastafulltrúa aðildarríkja ESB (COREPER) hefði samþykkt á fundi þann 4. febrúar samkomulag um styrkingu regluverks til að koma í veg fyrir peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Samkomulagið fæli í sér tillögur að nýrri peningabættistilskipun. Í kjölfar fundarins, eða 10. febrúar 2015, hefði ráð Evrópusambandsins samþykkt samkomulagið og lægi það nú fyrir Evrópuþinginu til samþykktar. Í fréttinni stóð: „Að því gefnu að þingið samþykki tillögurnar óbreyttar verður tilskipunin birt í stjórnartíðindum ESB og öðlast þar með gildi.“

### Fjármálaeftirlitið hefur metið Eignarhaldsfélagið Borgun slf. hæft til að fara með aukinn virkan eignarhlut í Borgun hf.

Hinn 18. mars 2015 var sagt frá því á vef Fjármálaeftirlitsins að eftirlitið hefði komist að þeirri niðurstöðu að Eignarhaldsfélagið Borgun slf. væri hæft til að fara með aukinn virkan eignarhlut í Borgun hf., sem næmi 33%, sbr. VI. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálaþyrirtæki.

### Fjármálaeftirlitið fylgist grannt með málum er varða úrlausn ágreiningsmála um gengislán

Birt var frétt á vef Fjármálaeftirlitsins hinn 19. mars 2015 í tilefni af fjölmiðlaumræðu í kjölfar nýlegra niðurstaðna í gengislánamálum. Vildi Fjármálaeftirlitið vekja athygli á því að eftirlitið fylgist grannt með málum er varðaði úrlausn ágreiningsmála um gengislán, þ. á m. nýjustu dómsúrlausnum. Bent var á að Fjármálaeftirlitið væri bundið þagnarskyldu um málefni einstakra eftirlitsskyldra aðila skv. 13. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Hins vegar gæti Fjármálaeftirlitið upplýst að það hefði undanfarið átt samskipti við þau fjármálaþyrirtæki sem hlut ættu að máli og myndi bregðast við þróun mála í þeim mæli sem lög leyfa og tilefni væri til.

### Hvers vegna fjármálaeftirlit?

Fjármálaeftirlitið efndi til ráðstefnu í samvinnu við fjármála- og efnahagsráðuneytið 23. mars 2015 þar sem fjallað var um tilgang skilvirks fjármálaeftirlits, helstu nýjungar á sviði eftirlits og reglusetningar á alþjóðavettvangi, í Evrópu og stöðu Íslands í því samhengi. Fjallað var einnig um nýlega úttekt AGS á virkni bankaþyrirtæki á Íslandi með tilliti til viðmiða um bestu framkvæmd og umbótaverkefni Fjármálaeftirlitsins.

### Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins vegna Sparisjóðs Vestmannaeyja

Fjármálaeftirlitið birti frétt á vef sínum þann 29. mars 2015 þar sem sagt var frá því að á grundvelli heimildar í VI. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 161/2002 um fjármálaþyrirtæki hefði stjórn Fjármálaeftirlitsins á fundi sínum þennan dag tekið ákvörðun sem fæli í sér samruna án skuldaskila þannig að Sparisjóður Vestmannaeyja ses. væri sameinaður Landsbankanum hf. með yfirtöku eigna og skulda og sparisjóðnum slitið.



### Kynningarfundur um nýlega innleitt verklag við gagnaskil

Fjármálaeftirlitið sagði frá því á vef sínum um miðjan apríl 2015 að eftirlitsskyldum aðilum á lánamarkaði og váttryggingamarkaði hefði verið boðið til kynningarfundar um nýlega innleitt verklag við gagnaskil hjá Fjármálaeftirlitinu og endurskoðun á gagnasöfnun þess með hliðsjón af kröfum CRD IV og Solvency II í framhaldi af fundinum, sem var liður í samstarfsverkefni Fjármálaeftirlitsins og Samtaka fjármálafyrirtækja, voru aðilar beðnir að koma tillögum, ábendingum og athugasemdum vegna gagnasöfnunar Fjármálaeftirlitsins til Samtaka fjármálafyrirtækja.

### Annar fundur fjármálastöðugleikaráðs á árinu 2015

Sagt var á vef Fjármálaeftirlitsins frá öðrum fundi fjármálastöðugleikaráðs á árinu 2015 sem haldinn var þriðjudaginn 14. apríl í fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Að mati fjármálastöðugleikaráðs var áhætta í fjármálakerfinu að mestu óbreytt frá síðasta fundi.

### Reglur um ársreikninga lífeyrissjóða

Fjármálaeftirlitið sagði frá því á vef sínum 17. apríl 2015 að settar hefðu verið reglur um ársreikninga lífeyrissjóða, nr. 335/2015, en samkvæmt 5. mgr. 40. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 129/1997, setur Fjármálaeftirlitið reglur um uppsetningu ársreiknings, innihald einstakra liða efnahagsreiknings, yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, sjóðstreymi, skýringar og mat á einstökum liðum. Eldri reglur, nr. 55/2000, höfðu ekki verið uppfærðar um nokkra hríð, jafnvel þótt gerðar hefðu verið breytingar á lögum um ársreikninga frá því þær voru settar.

### Fjármálaeftirlitið gefur út leiðbeinandi tilmæli um starfsemi vísitölusjóða og kauphallarsjóða

Fjármálaeftirlitið sagði frá því á vef sínum 21. apríl 2015 að gefin hefðu verið út leiðbeinandi tilmæli um starfsemi vísitölusjóða og kauphallarsjóða.

### Breyting á félagaformi Sparisjóðs Norðfjarðar ses.

Fjármálaeftirlitið samþykkti þann 16. apríl 2015 samruna Sparisjóðs Norðfjarðar ses. við Sparisjóð Austurlands hf. en með samrunanum var rekstrarformi Sparisjóðs Norðfjarðar ses. breytt úr sjálfseignarstofnun í hlutafélag.

### Hæf til að fara með virkan eignarhlut

Hinn 16. apríl sl. komst Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að félögin Fossar Finance ehf., H3 ehf. og Kormákur Invest ehf. væru hæf til að fara með virkan eignarhlut í verðbréfamiðluninni Fossum mörkuðum hf.

### Niðurstöður úttektar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á fylgni Fjármálaeftirlitsins við kjarnareglur um skilvirkt bankaeftirlit

Í byrjun september 2014 birti Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) á heimasíðu sinni niðurstöður úttektar sjóðsins á fylgni Fjármálaeftirlitsins við 29 kjarnareglur um skilvirkt bankaeftirlit, svonefndar Basel kjarnareglur sem gefnar voru út af Basel-nefndinni um bankaeftirlit árið 2012. Úttekt sjóðsins fór fram á fyrri hluta ársins 2014 og var gerð grein fyrir henni í rammagrein í síðustu ársskýrslu Fjármálaeftirlitsins. Niðurstöður AGS fólu í sér að öllum lágmarksviðmiðum var mætt (e. compliant) varðandi sjö þeirra og níu voru uppfylltar að verulegu leyti (e. largely compliant). Þrettán voru ekki uppfylltar að verulegu leyti (e. materially non-compliant).

Ábendingar um úrbætur sem fram komu í úttekt AGS lutu annars vegar að þáttum í starfi Fjármálaeftirlitsins og hins vegar að þáttum sem varða innviði í íslensku stjórnkerfi svo sem valdheimildir Fjármálaeftirlitsins samkvæmt lögum. Ábendingarnar má flokka í eftirfarandi fimm megin þætti:

#### Úrbætur sem krefjast lagabreytinga

Um er að ræða atriði sem krefjast breytinga á annars vegar lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og hins vegar lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Atriði sem varða lög nr. 87/1998 eru einkum eftirfarandi: Verkaskipting og samstarf, sjálfstæði stofnana sem hafa eftirlit með fjármálamörkuðum, leiðbeinandi tilmæli, áhættumiðað eftirlit og varfærniskröfur og reglusetningarheimildir. Atriði sem varða lög nr. 161/2002 eru: Eiginfjárauvar, eftirlit með lausafjáráhættu, úrræði Fjármálaeftirlitsins samkvæmt bráðabirgðaákvæði VI, áhættumiðað eftirlit og varfærniskröfur, samþjöppunaráhætta, viðskipti tengdra aðila og ytri endurskoðendur. Fjármálaeftirlitið gerði fjármála- og efnahagsráðuneytinu grein fyrir ábendingum AGS varðandi ofangreind atriði í október 2014. Á vegum ráðuneytisins er nú unnið að innleiðingu á tilskipunum og reglugerðum ESB sem tengjast fjármálamarkaðnum og snerta flest framangreind atriði. Einkum er þar um að ræða CRD IV / CRR og BRRD.

#### Útgáfa reglna/leiðbeinandi tilmæla sem beina þarf að eftirlitsskyldum aðilum varðandi ýmsa áhættuþætti í starfsemi þeirra

Hjá Fjármálaeftirlitinu er unnið að því að undirbúa útgáfu á reglum og leiðbeinandi tilmælum, sem beint verður að eftirlitsskyldum aðilum, um ýmsa áhættuþætti í starfsemi fjármálafyrirtækja og er í því sambandi fyrst og fremst byggt á viðmiðunarreglum (e. guidelines) frá EBA.

#### Að lokið verði innleiðingu áhættumiðaðs eftirlits

Hjá Fjármálaeftirlitinu er unnið að innleiðingu áhættumiðaðs eftirlits í samræmi við þar til gerða innleiðingaráætlun. Eftirlitsskyldum aðilum hefur verið raðað í flokka eftir áhrifavægi sem byggir á mati á því hvaða afleiðingar rekstrarstöðvun viðkomandi aðila hefði varðandi fjármálastöðugleika og hagsmuni neytenda. Unnið er að því að semja ítarlegar vinnulýsingar fyrir mat á einstökum áhættuþáttum í starfsemi fjármálafyrirtækja og vinna er hafin við gerð tölvukerfis sem ætlað er að halda utan um niðurstöður áhættumats og veita yfirsýn yfir áhættu í starfsemi eftirlitsskyldra aðila.

Að Fjármálaeftirlitið setji sér ítarlegri innri verklagsreglur varðandi viðmið við eftirlit með einstökum áhættuþáttum í starfsemi eftirlitsskyldra aðila

Hjá Fjármálaeftirlitinu er unnið að því að semja ítarlegar verklagsreglur fyrir starfsmenn eftirlitsins varðandi viðmið við eftirlit með einstökum áhættuþáttum í starfsemi fjármálafyrirtækja. Verklagsreglurnar munu taka mið af þeim reglum og tilmælum sem Fjármálaeftirlitið undirbýr útgáfu á samanber umfjöllun hér á undan.

Að Fjármálaeftirlitið þróa áfram endurmenntunar- og mannauðsstefnu með það markmið að stuðla að því að starfsmenn þróist í starfi og stofnuninni haldist á starfsfólki

Hjá Fjármálaeftirlitinu hefur verið unnið að áframhaldandi þróun mannauðsstefnunnar og er sú vinna á lokastigi. Ennfremur er unnið að skilgreiningu starfa og þeirrar menntunar og reynslu sem krafist er auk þess sem unnið er að greiningu fræðsluþarfa.

### 3.2 Yfirlit yfir ákvarðanir og gagnsæistilkynningar frá 1. maí 2014 til aprílloka 2015

**2. maí 2014:** Niðurstaða athugunar á þáttum í starfsemi LSR

**9. maí 2014:** Niðurstaða athugunar á fjárfestingum Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga

**16. maí 2014:** Niðurstaða athugunar á lánveitingum Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda til einstaklinga

**26. maí 2014:** Endurmat á því hvort Verðbréfaskráning Íslands hf. uppfylli tiltekin alþjóðleg tilmæli um öryggi verðbréfauppgjör

**12. júní 2014:** Gagnsæistilkynning vegna athugasemda við viðskiptahætti hjá Verði tryggingum hf.

**7. júlí 2014:** Sáttargerð vegna brots Sæness ehf. á 40. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki

**9. júlí 2014:** Samkomulag um sátt vegna brots Marel hf. á 122. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti

**1. september 2014:** Samkomulag um sátt vegna brots Eikar fasteignafélags hf. á 122. gr. laga nr. 108/2007

**1. september 2014:** Niðurstaða athugunar á lánveitingum Lífeyrissjóðs bankamanna til einstaklinga

**9. september 2014:** Niðurstaða athugunar á tilteknum þáttum í starfsemi Festu lífeyrissjóðs

**30. september 2014:** Lýsing hf. verður við kröfum Fjármálaeftirlitsins um upplýsingagjöf til viðskiptavina

**3. október 2014:** Niðurstöður athugunar á útlánasafni Landsbankans hf.

**23. október 2014:** Samkomulag um sátt vegna brots N1 hf. á 87. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti

**31. október 2014:** Niðurstaða athugunar á fjárfestingum Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands

**6. nóvember 2014:** Samkomulag um sátt vegna brots Fjarskipta hf. á 122. og 128. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti

**10. nóvember 2014:** Niðurstöður athugunar hjá Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og Landsbankanum hf. á tilteknum þáttum í aðgerðum gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka

**13. nóvember 2014:** Fjármálaeftirlitið hefur metið Straum fjárfestingabanka hf., Siglu ehf. og Ark ehf. hæf til að fara með virkan eignarhlut í MP banka hf.

**20. nóvember 2014:** Niðurstaða athugunar á lánveitingum Lífsverks lífeyrissjóðs til einstaklinga

**29. janúar 2015:** Niðurstöður athugunar á útlánasafni Íbúðalánasjóðs

**27. febrúar 2015:** Niðurstaða athugunar á stórum áhættuskuldbindingum MP banka hf.

**13. mars 2015:** Niðurstaða úttektar á áhættustýringu nokkurra lífeyrissjóða

**31. mars 2015:** Samkomulag um sátt vegna brota FAST-1. slhf. á 122., 128., sbr. 129., og 130. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti

**29. apríl 2015:** Samkomulag um sátt vegna brots X á 3. gr. innheimtulaga nr. 95/2008



### 3.3. Yfirlit yfir tölublöð Fjármála og greinar frá 1. maí 2014 til aprílloka 2015

Fjármál, vefrit Fjármálaeftirlitsins, er nú á fjórða ári. Höfundar efnis eru sérfræðingar Fjármálaeftirlitsins. Hægt er að nálgast öll eintök Fjármála á vef Fjármálaeftirlitsins. Þar eru þau geymd undir flípanum útgefið efni og þar er efst flipinn Vefrit FME. Hér að neðan er yfirlit yfir það efni sem hefur birst í þeim þremur ritum sem komið hafa út frá síðasta ársfundi.

#### Fjármál í júlí 2014

##### Skráðar skuldabréfaútgáfur fagfjárfestasjóða

Hörður Tulinius, sérfræðingur á vettvangs- og verðbréfaeftirlitssviði

##### Sjálfstæði eftirlitsstofnana

Margrét Sigurðardóttir, lögfræðingur á sviði yfirlögfræðings

Bókardómur: The Bankers' New Clothes: What's Wrong with Banking and What to Do about it

#### Fjármál í nóvember 2014

##### Á skylduaðild að ákveðnum lífeyrissjóði rétt á sér?

Gunnar Þór Ásgeirsson, lögfræðingur á eftirlitssviði

##### EBA undirbýr ný leiðbeinandi tilmæli um könnunar- og matsferli eftirlitsstofnana

Kristján Ólafur Jóhannesson, sérfræðingur á greiningasviði

##### Hafa váttryggingafélög áhrif á fjárhagslegan stöðugleika?

Sigurður Freyr Jónatansson, sérfræðingur á greiningasviði

##### Jean Tirole, nóbelsverðlaunahafi í hagfræði 2014: Áhrifavaldur um reglusetningu og eftirlit með fjármálamörkuðum

Jón Þór Sturluson, aðstoðarforstjóri Fjármálaeftirlitsins

#### Alþjóðleg ráðstefna fjármálaeftirlita á Íslandi

##### Bókardómur: House of Debt: How They (and You) Caused the Great Recession, and How We Can Prevent It from Happening Again

Einar Jón Erlingsson, sérfræðingur á greiningasviði

#### Fjármál í apríl 2015

##### Hæfismat stjórnarmanna og framkvæmdastjóra

Arndís Kristjánsdóttir og Helga Rut Eysteinsdóttir lögfræðingar á eftirlitssviði

##### Er lífeyrir á Íslandi nægjanlegur?

Þjörn Z. Ásgrímsson, sérfræðingur í áhættugreiningu lífeyrissjóða

##### Nýjar lagareglur um innherja og meðferð innherjaupplýsinga

Páll Friðriksson, forstöðumaður verðbréfamarkaðseftirlits

##### Eru forsendur fyrir mati á eiginfjárbörf íslenskra banka nógu traustar?

Guðmundur Örn Jónsson, sérfræðingur á greiningasviði

##### Hvers vegna fjármálaeftirlit?

Svipmyndir af ráðstefnu



#### 4. Aðilar undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins



## 4. Aðilar undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins

### 4.1 Fjöldi aðila undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins

Flokkar aðila undir eftirliti í lok hvers árs	Skýr.	31.12.2011	31.12.2012	31.12.2013	31.12.2014
<i>Starfsleyfisskyldir eða starfa skv. sérlögum:</i>					
Viðskiptabankar		5	4	4	4
Sparisjóðir		10	9	8	7
Lánafyrirtæki		8	6	6	6
Íbúðalánasjóður		1	1	1	1
Innlánsdeildir samvinnufélaga		1	1	1	1
Verðbréfafyrirtæki		13	11	10	9
Verðbréfamiðlanir		2	2	2	2
Rekstrarfélög verðbréfasjóða	1)	9	10	9	10
Fagfjárfestingsjóðir - lögaðilar		3	4	7	9
Kauphallir		1	1	1	1
Verðbréfamiðstöðvar		1	1	1	1
Lífeyrissjóðir	2)	33	32	27	26
Vátryggingafélög		13	13	13	12
Vátryggingamiðlanir		6	11	11	9
Aðilar með innheimtuleyfi		4	4	5	6
Greiðslustofnanir			1	1	1
Gjaldeyrisskiptistöðvar					1
Tryggingarsjóðir		2	2	2	2
<i>Samtals</i>		<i>112</i>	<i>113</i>	<i>109</i>	<i>108</i>
<i>Aðrir aðilar háðir eftirliti:</i>					
Verðbréfasjóðir (ekki lögaðilar)	3)	56	56	57	53
Fjárfestingarsjóðir (ekki lögaðilar)	3)	24	28	44	48
Fagfjárfestingsjóðir (ekki lögaðilar)	3)	28	43	63	65
Vörsluaðilar lífeyrissparnaðar	4)	18	15	14	13
Útgefendur skráðra hlutabréfa		12	15	18	17
Útgefendur skráðra skuldabréfa		47	49	57	60
Umboðsaðili erlendar greiðslustofnunar			1	1	1
Eignarhaldsfélög	5)	7	12	12	10
Fjármálafyrirtæki í slitameðferð		11	14	15	11
<b>Alls</b>		<b>299</b>	<b>346</b>	<b>390</b>	<b>386</b>

1) Sjá ennfremur fjölda verðbréfa- og fjárfestingarsjóða og fagfjárfestingsjóða neðar í töflunni.

2) Margir lífeyrissjóðir eru deildaskiptir. Að meðtöldum deildunum yrði fjöldatalan yfir lífeyrissjóðina u.þ.b. 50 hæri fyrir hvert ár sem taflan sýnir.

3) Sjóðir sem ekki eru lögaðilar en starfræktir af rekstrarfélögum verðbréfasjóða. Sjá fjölda rekstrarfélaga ofar í töflunni. Nokkrir verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir eru deildaskiptir og endurspeglast fjöldi deilda í tölunum í töflunni.

4) Viðskiptabankar, sparisjóðir og tveir erlendir vörsluaðilar séreignarsparnaðar. Allir einnig taldir í fjöldatölum ofar í töflunni nema erlendu vörsluaðilarnir.

5) Eignarhaldsfélög á fjármálasviði og vátryggingasviði og blönduð eignarhaldsfélög, skv. nánari skilgr. í l. nr. 161/2002 og l. nr. 56/2010. Um er að ræða virka hluthafa sem eiga meira en 50% í eftirlitsskyldum aðilum. Virkir hluthafar sem eiga á bilinu 10 - 50% eru ekki tilgreindir í töflunni.

### 4.2 Starfsemi erlendra aðila á Íslandi

Eftirfarandi yfirlit sýnir fjölda aðila/félaga sem hafa heimild til að veita þjónustu hér á landi á grundvelli reglna sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu:

	30/6/11	30/6/12	31/12/13	31/12/14
Erlendir bankar (credit and financial institutions) án starfsstöðvar	222	224	239	254
Erlendar greiðslustofnanir án starfsstöðvar				193
Erlend rafeyrisfyrirtæki án starfsstöðvar				38
Verðbréfasjóðir (UCITS) (fjöldi deilda í sviga)	47 (367)	53 (352)	56 (370)	65 (410)
Verðbréfafyrirtæki/-miðlarar (Investment firms)	2.113	2.020	2.148	2.280
Vátryggingafélög með starfsstöð	2	2	2	2
Vátryggingafélög án starfsstöðvar	405	377	381	352
Vátryggingamiðlarar og vátryggingaumboðsmenn	5.158	4.990	5.030	5.223

